# FRÉTTABLAÐIÐ

239. TÖLUBLAÐ 15. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 13. OKTÓBER 2015




Á Háskólatorgi stendur stór uppblásinn ristill. Hann er hluti af Bleiku slaufunni, átaki Krabbameinsfélagsins, sem fram fer þessa dagana. „Ristilkrabbamein er tiltölulega algengur sjúkdómur. Þriðja algengasta krabbamein hjá körlum og konum,“ segir Lára Guðrún Sigurðardóttir, fræðslustjóri Krabbameinsfélags Íslands. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fjölga þarf í lögreglu um minnst 200 manns

**Vandi löggæslunnar ristir mun dýpra en kjaradeila lögreglumanna við ríkið gefur til kynna. Fjölga þarf lögregluþjónum um minnst 35% og veita milljarða til viðbótar til grunnlöggæslu. Viðurkennt í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar.**

**LÖGGÆSLA** Fjölga þarf í lögreglunni um að minnsta kosti 200 manns til að hún geti sinnt lögboðnum skyldum sínum, er mat ríkislögreglustjóra. Það var niðurstaða þverpólitískrar þingnefndar árið 2013 að hækka þyrfti framlög til lögreglunnar um alls 3,5 milljarða króna, umfram verðlagshækkanir fjárlaga, á fimm ára tímabili 2013 til 2017.

Það er samdóma álit viðmælenda Fréttablaðsins að vandi löggæslunnar í landinu er mun djúpstæðari en yfirstandandi kjaradeila lögreglumanna við ríkið gefur til kynna. Þegar horft er fáein ár aftur í tímann má finna þess stað á fjölmörgum stöðum að vandi lögreglunnar er viðurkenndur af öllum sem gerst þekkja – stjórnvöldum þar með talið og sitjandi ríkisstjórn.

Í ársskýrslu ársins 2014 segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri að á árunum 2007 til 2014 hafi lögreglumönnum fækkað um tæplega 100, en 500 milljóna króna aukafjárveiting árið 2014 leyfði ráðningar á 44 nýjum lögreglumönnum. Enn er þó langt í land, segir Haraldur, og vísar til niðurstöðu nefndar innanríkisráðherra frá mars 2013 sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka, tveimur fulltrúum innanríkisráðuneytisins, einum fulltrúa ríkislögreglustjóra, einum frá Landssambandi lögreglumanna og fleiri.




Niðurstaða þingnefndarinnar árið 2013 [Nefnd um gerð löggæsluáætlunar um Ísland] var að fjölga þyrfti lögreglumönnum um rúmlega 40%, auka þyrfti menntun þeirra og þjálfun og bæta búnað. Vísað var til þessarar niðurstöðu í stefnuyfirlýsingu sitjandi ríkisstjórnar sem leiðarljóss í átaki í að efla lögregluna í landinu. Tölur ríkislögreglustjóra sýna að lögregluna skipuðu 712 lögregluþjónar árið 2007. Þeir voru 640 í febrúar síðastliðnum.

Haraldur segir að mun meira þurfi að koma til ef staðan á að verða ásættanleg. Að mati Haraldar þurfa lögreglumenn í landinu að vera að lágmarki 860, staðfestir hann við Fréttablaðið, en sprenging í komum ferðamanna og fleiri þætti þurfi þó að skoða mun betur við mat á skipan lögregluliðanna í landinu.

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, tekur undir með ríkislögreglustjóra og nefnir að fjölga þurfi um 200 manns. Hann telur að lögreglan hafi horft upp á hvert svikið loforðið á fætur öðru og að „mælirinn sé einfaldlega orðinn fullur“. Eigi það jafnt við um kjaramál og mönnun lögreglu sem annað. – shá / sjá síðu 12

## Umdeildu efni beitt á lúpínu

**UMHVERFISMÁL** Beita á „gjöreyðingarlyfinu“ Roundup gegn lúpínu í Dalvíkurbyggð næsta vor. Bæjaryfirvöld vilja alla landeigendur í sveitarfélaginu með í verkefnið sem taka á fimm ár. „Menn eru mjög jákvæðir gagnvart því að fara í þessa eyðingu,“ segir Valur Þór Hilmarsson, umhverfisstjóri Dalvíkurbyggðar.

Roundup inniheldur virka efnið glyfosat, en Umhverfisstofnun vakti í sumar athygli á fréttum þess efnis að plöntuverndarvörur sem innihalda þetta efni kynnu að valda krabbameini í mönnum. – gar / sjá síðu 8

## Áfellisdómur yfir eftirliti

**DÓMSMÁL** „Þetta er áfellisdómur um allt byggingareftirlit á Íslandi, alla byggingarfulltrúa og opinber eftirlit með húsakosti,“ segir Hólmsteinn Brekkan, framkvæmdastjóri Leigjendasamtakanna um nýjan dóm í myglumáli.

Héraðsdómur hefur dæmt að fjölskylda skuli fá endurgreidda húsaleigu vegna stúdentaíbúðar sem hún leigði á Ásbrú veturinn 2011 til 2012.

Sannað þyki að leigusali hafi vitað af rakaskemmdum í íbúðinni áður en fjölskyldan flutti inn. Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður fjölskyldunnar, segir málið fordæmisgefandi.

ebg / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag

**SKOÐUN** Árni Páll Árnason skrifar um stjórnarskrána. 14-16

**SPORT** Strákarnir ætla að vinna riðilinn í kvöld. 18

**MENNING** Klassík í Vatnsmýrinni og rýnt í Heimkomuna í Þjóðleikhúsinu. 24-26

**LÍFIÐ** Bibbi í Skálmöld gefur út skáldsögu. 32



## Veður




**Í dag snýst í suðvestan** 5 til 10 metra á sekúndu. Það verða skúrir vestan til á landinu og ekki er útilokað að það verði haglél með í sumum þeirra. Austanlands er búist við rigningu fyrripartinn, en léttir til síðdegis. SJÁ SÍÐU 22

# Fríkirkjan opin öllum

**SAMFÉLAGSMÁL** „Ég held að ég sé fyrsti forstöðumaður trúfélags sem fór að tala fyrir því að Siðmennt fengi stöðu á við önnur trúfélög og Fríkirkjan hefur alltaf verið þeim opin,“ segir Hjörtur Magni Jóhannsson, forstöðumaður Fríkirkjunnar í Reykjavík. Í næstu viku verði meðal annars útför í Fríkirkjunni á vegum Siðmenntar.

Fréttablaðið greindi frá því í síðustu viku að Fossvogskirkja yrði lokuð til nóvemberloka vegna viðhalds. Fossvogskirkja hefur verið sú kirkja innan Kirkjugarða prófastsdæma Reykjavíkur sem hefur verið nýtt undir athafnir annarra safnaða en kristinna. Samþykkt kirkjuþings um innri málefni þjóðkirkjunnar tekur fyrir það að veraldlegar athafnir séu haldnar í rými þjóðkirkjunnar.

„Ég hef fengið heilmikla gagnrýni frá þjóðkirkjuprestum fyrir að hafa leyft slíkar athafnir og fyrir að taka þátt í þeim sjálfur hér í Fríkirkjunni,“ segir Hjörtur Magni.

„Ég er sannfærður um að þjóðkirkjubyggingarnar um allt land eigi að vera öllum opnar því þær eru jú í eigu safnaðanna en þeir fá fjármagn frá ríkinu og þjóðkirkjan er ríkisrekin stofnun. Hún á að vera opin öllum Íslendingum.“ – srs

**Ég hef fengið heilmikla gagnrýni frá þjóðkirkjuprestum fyrir að hafa leyft slíkar athafnir og fyrir að taka þátt í þeim sjálfur hér í Fríkirkjunni.**

Hjörtur Magni Jóhannsson



## Sjúkraliðar í verkfallshug



Sjúkraliðar fjölmenntu á baráttufund í húsakynnum félagsins við Grensásveg í gær. Að öllu óbreyttu munu 1.100 sjúkraliðar leggja niður störf á miðnætti aðfaranótt fimmtudags. Stétt sjúkraliða er mikil kvennastétt en eins og sést á myndinni mættu einungis örfáir karlmenn á fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Óvelkomin á kappræður

**BANDARÍKIN** Tulsi Gabbard, varaformaður Landssambands demókrataflokka Bandaríkjanna og fulltrúadeildarþingmaður, er ekki lengur velkomin á kappræður forsetaframbjóðendaefna flokksins sem fara fram í Nevada í kvöld.

Flokkurinn dró boðskort hennar til baka í gær eftir að hún kallaði eftir fleiri kappræðum frambjóðenda. Tveir frambjóðenda flokksins, Bernie Sanders og Martin O'Malley, hafa gagnrýnt hve fáar kappræður verða haldnar milli frambjóðenda, sex talsins, og benda á að átta árum fyrr, síðast þegar halda þurfti forkosningar, hafi þær verið 26.

Hillary Clinton mælist í aðdraganda kappræðnanna með mest fylgi á landsvísu, 42 prósent, en Sanders mælist næsthæstur með 25 prósent. Þó leiði Sanders í þeim tveimur fylkjum sem fyrst kjósa, Iowa og New Hampshire. – þea




# Hælisleitendur þurfa að gista í leikrýminu

**Vegna mikils fjölda hælisleitenda á landinu þurfa þeir að gista í stofu móttökustöðvarinnar í Hafnarfirði sem annars er ætluð sem leikrými fyrir börn. Óskað hefur verið eftir því að Rauði krossinn útvegi börnum í húsinu leikföng.**

**SAMFÉLAG** Í móttökustöð fyrir hælisleitendur í Bæjarhrauni í Hafnarfirði gista fjölskyldur í rými sem var annars hugsað sem sameiginleg stofa þar sem börn gætu leikið sér. Það er vegna fjölda hælisleitenda á landinu sem rýmið er nýtt sem íbúð að sögn Skúla Á. Sigurðssonar, verkefnisstjóra hælissviðs hjá Útlendingastofnun.

„Útlendingastofnun sinnir fyrst og fremst grunnþörfum hælisleitenda, þ.e. húsnæði, mat, hvers konar heilbrigðisþjónustu, o.s.frv. Rauði krossinn hefur tekið við því sem því sleppir, til dæmis með leikfanga- og fatagjöfum, félagsstarfi, viðburðum og ýmsum stuðningi. Í húsnæðinu er gert ráð fyrir sameiginlegri stofu fyrir íbúa þar sem börn geta leikið sér en vegna fjölda hælisleitenda á landinu er það rými eins og er nýtt til íbúðar. Ekkert sjónvarp er í húsnæðinu eins og sakir standa.“

Fjölskyldur, barnafólk og einstæðar konur eru á einni hæð í Hafnarfirðinum og einhleypir karlar á annarri. Ekki er gengt milli hæðanna. Á gangi fyrir karla er sjónvarp og sameiginlegt rými, en ekki á fjölskyldugangi. „Móttökuteymi Útlendingastofnunar hefur óskað eftir því við Rauða krossinn að útveguð verði leikföng fyrir börnin sem búa á vegum stofnunarinnar í Hafnarfirði,“ segir Skúli um aðstæður í húsinu.

Hann segir mannþröngina í Bæjarhrauni vera vegna aukins fjölda hælisumsókna sem hafa borist frá því í sumar. Í ágúst og september sóttu 110 manns um hæli í þessum tveimur mánuðum. Það sem af er árinu hafa 218 manns sótt um hæli og búist er við allt að 350 hælisleitendum á árinu.

Aðstæður í móttökustöðinni eru annars ágætar, að sögn hælisleitanda sem gistir þar núna. Sólahringsvakt frá Securitas er á staðnum og þá er einn starfsmaður Útlendingastofnunar með viðveru í húsnæðinu. Þar er jafnframt viðtalsherbergi sem Útlendingastofnun notar fyrir vikulega viðtalstíma.

Þráðlaust net er komið upp í húsinu sem íbúarnir eru þakklátir fyrir, það auðveldar þeim að leita sér upplýsinga og vinna að umsókn um alþjóðlega vernd á Íslandi.

kristjanabjorg@frettabladid.is




Móttökustöðin er lokað úrræði, til verndar þeim sem sækja um alþjóðlega vernd á Íslandi. Þar búa nú svo margir að leiksvæði barna í húsinu er nýtt sem íbúð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Í húsnæðinu er gert ráð fyrir sameiginlegri stofu fyrir íbúa þar sem börn geta leikið sér en vegna fjölda hælisleitenda á landinu er það rými eins og er nýtt til íbúðar.**

Skúli Á Sigurðsson, verkefnastjóri hælissviðs hjá Útlendingastofnun

# Það sem skiptir okkur mestu máli hefur orðið fyrir skaða; traust ykkar.

Okkur urðu á stór mistök, við brugðumst trausti ykkar.

Í 60 ár hafið þið treyst á okkur.

Þið höfðuð trú á okkur í hvert sinn sem þið keyptuð af okkur bíl.

Samt brugðumst við ykkur.

Okkur er ljóst að nú verðum við að láta verkin tala sem aldrei fyrr. Við ætlum að gera allt sem í okkar valdi stendur til að leysa úr vanda allra sem hafa orðið fyrir skaða.

Fyrsta skrefið var stigið hér:
**volkswagen.is/is/upplysingar.html**

Og við unnum okkur ekki hvíldar fyrr en við höfum öðlast traust ykkar á ný.


KVIKA
kvika.is



*Í umbreytingum felst orka með óteljandi tækifærum.*
*Við erum banki umbreytinga.*

## Fá hærri laun í verkfalli en í vinnunni

**KJARAMÁL** Dansarar í Íslenska dansflokknum munu hækka í launum fari þeir í verkfall á fimmtudag og föstudag líkt og aðrir félagsmenn í SFR. „Þetta er eiginlega grátbroslegt,“ segir Ásgeir Helgi Magnússon, listdansari hjá Íslenska dansflokknum.

Ásgeir segist fá 1.772 krónur á tímann í dagvinnulaun. Yfir átta tíma vinnudag fær hann því ríflega fjórtán þúsund krónur á dag eða 288 þúsund krónur á mánuði. Úr verkfallssjóði SFR fær Ásgeir hins vegar sextán þúsund krónur á dag.

Hann segist telja að hið sama eigi við um aðra félagsmenn innan SFR sem fái undir 300 þúsund krónur í mánaðarlaun, þeir hækki í launum í verkfalli.

Kjaraviðræðurnar þokast hægt. Dansarar hjá dansflokknum fara í verkfall á fimmtudag og föstudag og svo aftur mánudag og þriðjudag verði ekki samið fyrir þann tíma. Dansarar fara hins vegar ekki í varanlegt verkfall. „Þannig að launahækkunin mín verður bara í nokkra daga, allavega til að byrja með,“ segir hann kíminn.

Ásgeir segir dansara fara fram á sömu laun og leikarar sem þeir starfi með í Borgarleikhúsinu. **– ih**

**Þannig að launahækkunin mín verður bara í nokkra daga, allavega til að byrja með.**



Ásgeir Helgi Magnússon, listdansari

## Fagna sigri hins góða



Indverski listamaðurinn Sanatan Dinda vann í gær að því að leggja lokahönd á líkneski guðsins Durga áður en hátíðin Durga Puja hefst. Á hátíðinni fagna hindúar sigri hins góða á hinu illa. Hátíðin hefst þann 18. október og stendur til 25. október. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Sigur fyrir íbúa í mygluðum húsum

**Dómur féll í héraðsdómi í gær þar sem Háskólavöllum var dæmt að endurgreiða átta mánaða leigu vegna myglusvepps í íbúð. Þurfa einnig að greiða þrif á búslóð. Þetta er fyrsta myglusveppamálið sem vinnst fyrir dómstólum og er því talið gefa mikilvægt fordæmi.**

**DÓMSMÁL** Sandra Sif Rúnarsdóttir og fjölskylda fóru í mál við Háskólavelli vegna stúdentaíbúðar sem þau leigðu á Ásbrú veturinn 2011 til 2012. Sandra Sif og ungur sonur hennar urðu alvarlega veik vegna myglusvepps en hún var heima í fæðingarorlofi á tímabilinu. Gerð var krafa um að fá leiguna endurgreidda sem og bætur fyrir innbú fjölskyldunnar sem hefur verið í geymslu frá því þau fluttu úr íbúðinni.

Héraðsdómur dæmdi að fjölskyldan skyldi fá húsaleiguna endurgreidda enda þyki það sannað að leigusali hafi vitað af rakaskemmdum í íbúðinni áður en fjölskyldan flutti inn. Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður fjölskyldunnar, segir málið fordæmisgefandi.

„Þetta er heilmikið fordæmi með tilliti til ábyrgðar leigusala. Ef húsnæði er leigt svona í upphafi leigusamnings getur leigjandi labbað út án leigugreiðslna.“

Fjölskyldan fær aftur á móti ekki bætta búslóð sína heldur eingöngu greidd þrif á henni. Dómskvaddir matsmenn sögðu nokkuð líklegt að hægt væri að þrífa búslóðina og fór dómurinn eftir þeim orðum. Sandra Sif segir niðurstöðuna ákveðinn sigur en varðandi búslóðina sé leigufélagið látið njóta vafans, en ekki heilsa sonar hennar. Hún mun skoða áfrýjun.



Gunnar Ingi Jóhannsson, lögmaður

„Það hefur sannað sig að sumir einstaklingar verða svo veikir í myglunni að þeir geta aldrei verið í rými eða í kringum húsgögn sem hafa vott af myglugró í sér. Sonur minn dettur út um leið og hann fer í þannig umhverfi og verður mjög lasinn. Hann er í raun mannlegur myglumælir og ég mun ekki prófa hvort hann þoli að vera í kringum búslóðina aftur. Sonur minn er ekki tilraunadýr.“ **erlabjorg@frettabladid.is**

**Hann er í raun mannlegur myglumælir og ég mun ekki prófa hvort hann þoli að vera í kringum búslóðina aftur. Sonur minn er ekki tilraunadýr.**



Sandra Sif Rúnarsdóttir, fyrrverandi leigjandi á Ásbrú

### Áfellisdómur um byggingareftirlitið

„Ef þessu verður ekki hnekkt í Hæstarétti er þetta svaðalega fordæmisgefandi dómur. Bæði afgerandi og mikilvægur,“ segir Hólmsteinn Brekkan, framkvæmdastjóri Leigjendasamtakanna.

„Þetta er áfellisdómur um allt byggingareftirlit á Íslandi, alla byggingarfulltrúa og opinbert eftirlit með húsakosti.“

Hólmsteinn vonar að dómurinn veki leigjendur til vitundar og hristi upp í kærunefnd húsamála.

LYFJA
- Lifið heil




20% afsláttur
af Panodil lausasölulyfjum

Panodil-dagar í október

www.lyfja.is

Lægra verð í Lyfju


BBQ GRÍSARIF
SPARERIBS Í BBQ SÓSU
FULLELDUÐ
899 kr/kg
Verð áður 1.299.-
T.G.I FRIDAY´S
Þú þarft ekki einu sinni að panta borð!
POTATO SKINS
CHEDDAR & BACON
NÝTT
BEINT FRÁ USA
Häagen Dazs
2 nýjar bragðtegundir
Macaroni & Cheese
Ekta amerískt
Betty Crocker
Gerir lífið einfaldara
Skittles
Úrval til að gleðjast yfir
Smuckers´s
Toppurinn á ísnum
Oreo kex
Með hnetusmjörskremi
Kool Aid jammers
Gleði í hverjum sopa
MUG
Rótarbjór
Gildir til 18. október á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Eignasala.is
S: 420 6070 • LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA • FASTEIGNASALA
Hafnargata 90, 230 Reykjanesbæ. www.eignasala.is
Júlíus M Steinþórsson Lögg. fasteigna, fyrirtækja og skipasali



**Melteigur 18**

**5 herbergja einbýli á fallegum stað í Keflavík**
- 152,6 m2 einbýlishús með bílskúr
- Eign sem hefur verið haldið vel við.
- **Verð kr. 29.800.000.-**







# Gjöreyðingarlyfi beitt gegn lúpínu á Dalvík

**Áætlun um eyðingu á lúpínu, kerfli og njóla í Dalvíkurbyggð verður hrint í framkvæmd næsta vor. Beita á „gjöreyðingarlyfinu“ Roundup. Bæjaryfirvöld vilja alla landeigendur í sveitarfélaginu með í verkefnið sem taka á fimm ár.**

**UMHVERFISMÁL** „Menn eru mjög jákvæðir gagnvart því að fara í þessa eyðingu,“ segir Valur Þór Hilmarsson, umhverfisstjóri Dalvíkurbyggðar, þar sem hefta á útbreiðslu lúpínu, kerfils og njóla með illgresiseyðum í samstarfi við landeigendur.

Í mars í fyrra samþykkti byggðaráð Dalvíkurbyggðar að fela Vali umhverfisstjóra að gera aðgerðaráætlun um að stemma stigu við útbreiðslu fyrrgreindra plantna.

„Gerðar hafa verið tilraunir með að slá og eitra með gjöreyðingarlyfinu Roundup/Clinic. Reynt hefur verið að slá lúpínu og kerfil til að halda útbreiðslu þeirra í skefjum, sláttur kemur ekki í veg fyrir að plönturnar lifi af en það takmarkar útbreiðslu þeirra. Að fenginni reynslu verður eitrað fyrir lúpínu, eins verður gert við kerfil og njóla,“ segir í áætlun umhverfisstjórans sem samþykkt var á fundi byggðaráðsins síðastliðinn fimmtudag.

Nota á Roundup á lúpínu og kerfil en efnin Hebamix eða Harmoni á njóla. „Reikna má með að verkefnið taki um fimm ár og eftir það verði sveitarfélagið kortlagt að nýju og gerð aðgerðaráætlun í kjölfarið,“ segir í áætlun Vals.

Verkefnið á að vinna í samvinnu sveitarfélagsins og landeigenda. „Mjög mikilvægt er að allir taki þátt í þessu átaksverkefni, einungis þannig náum við árangri!“ undirstrikar umhverfisstjórinn í áætluninni. „Sveitarfélagið leggur til eitur en ætlast er til þess að landeigendur beri ábyrgð á sínu landi. Landeigendur geti fengið starfsfólk frá sveitarfélaginu til aðstoðar í samráði við umhverfisstjóra.“

Hrinda á verkefninu í framkvæmd á næsta ári með því að kortleggja svæði, halda íbúafund síðla vetrar og fara síðan í aðgerðir. Nánar um framvinduna á næsta ári segir að við Dalvík eigi að vinna á lúpínu í friðlandi, með vegi við Karlsá, við Skáldalæk og í Böggvisfjalli. Þessar aðgerðir hefjist þegar lúpína er í örustum vexti fyrir miðjan júní.

Á Árskógssandi verður eitrað í Brúarhvammsreit, frá þjóðvegi og inni í reitnum. Varðandi njóla verður eitrað frá Hrafnstöðum í norður að bæjarmörkum og norðan við Dalvík meðfram vegi og á túnum. Frá Skáldalæk verður eitrað að þjóðvegi og í friðlandi. Unnið verður á njóla allt í kringum Hauganes og á kerfli meðfram þjóðvegi norðan Dalvíkur að Hóli.

Síðan verður farið yfir sömu svæði á árinu 2017 og nýjum reitum bætt við allt fram til ársins 2020 þegar árangurinn verður metinn og ný aðgerðaráætlun unnin.

Þótt lögð sé áhersla á notkun eiturefna í áætluninni segir Valur að jafnframt verði notast við slátt og sauðfé beitt til að halda lúpínu í skefjum. „Ég hef alls ekki á móti lúpínunni en við viljum halda ákveðinni ásýnd, eins og til dæmis í Böggvisfjalli þar sem er mikill lynggróður og berjaland sem hún er farin að sækja inn á,“ segir umhverfisstjórinn og ítrekar að eiturefnum verði ekki beitt þar sem hætt sé á að þau berist í grunnvatn.

„Við kannski eyðum lúpínunni aldrei en það er aðalmálið að halda henni í skefjum og nota hana þá á réttum stöðum – hún er ekki alslæm,“ segir Valur Þór Hilmarsson.

**gar@frettabladid.is**



**„Innan girðingar var jafn mikil lúpína einsog utan hennar en með því að beita snemmsumars þegar hún er í vexti þá er hægt að halda henni niðri og sauðfé virðist sólgið í nýgræðinginn,“ lýsir Valur Þór Hilmarsson meðfylgjandi mynd.** MYND/VALUR ÞÓR

> Ég hef alls ekki á móti lúpínunni en við viljum halda ákveðinni ásýnd.
>
> Valur Þór Hilmarsson, umhverfisstjóri Dalvíkurbyggðar

## Hugsanlega krabbameinsvaldur

Illgresiseyðirinn Roundup inniheldur virka efnið glýfosat.

„Að undanförnu hafa borist fréttir af því að plöntuverndarvörur sem innihalda virka efnið glýfosat kynnu að valda krabbameini í mönnum. Þetta er áhyggjuefni því að notkun á þessum vörum er almenn, bæði hjá almenningi og þeim sem starfa við plöntuvernd í atvinnuskyni,“ segir í frétt á vef Umhverfisstofnunar frá júní. Menn spyrji hvort ekki sé rétt að banna allar plöntuverndarvörur hér á landi sem innihalda glýfosat. ESB sé að vinna áhættumat vegna þessa efnis sem ljúka eigi fyrir árslok. „Verði það niðurstaða úr áhættumatinu að glýfosat geti valdið krabbameini, mun Framkvæmdastjórn ESB án efa þrengja verulega heimildir til markaðssetningar á plöntuverndarvörum sem innihalda þetta virka efni og mun sú niðurstaða einnig gilda hér á landi.“



zero Emission

NISSAN

Innovation that excites

RAFMAGNAÐUR FJÖLSKYLDUBÍLL

# NÝR NISSAN e-NV200 100% RAFBÍLL




ENNEMM / SÍA / NM71297





## NISSAN e-NV200

### 5 EÐA 7 SÆTA OG HLAÐINN STAÐALBÚNAÐI

Nissan e-NV200 er fullbúinn 5 eða 7 sæta fjölskyldubíll. Nissan e-NV200 er byggður á grunni Nissan Leaf sem er mest seldi rafbíll í heimi. Eins og aðrir Nissan fólksbílar er e-NV200 rafbílinn ríkulega búinn staðalbúnaði svo sem upphituð framsæti og stýri, tímarofa á miðstöð sem hitar bílinn upp undir morgun, bakkmyndavél, USP og AUX tengi og handfrjálsan símabúnað svo eitthvað sé nefnt.

**NISSAN e-NV200, 5 SÆTA. 4.990.000KR.**

**NISSAN e-NV200, 7 SÆTA. 5.190.000KR.**

Nissan e-NV200 rafbílinn er hægt að hlaða frítt á fjölmörgum hraðhleðslustöðvum ON í Reykjavík og helstu þéttbýliskjörnum í nágreni Reykjavíkur og fá 80% af hleðslu á aðeins 30 mínútum. Drægni við bestu aðstæður er 170 km á hleðslunni.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

# Pútín vill fá Bandaríkin í lið með sér

**Forseti Rússlands ítrekar að tilgangur loftárása í Sýrlandi sé að styrkja stjórn forseta landsins. Hann viðurkennir jafnframt að aukin áhersla Rússa á hernað og varnarmál eigi að hjálpa til við að knýja hjól rússnesks efnahagslífs. Þannig sé gangur mála um allan heim.**

**RÚSSLAND** Vladimír Pútín Rússlandsforseti segir að Rússar einir séu í fullum rétti til að varpa sprengjum á Sýrland. Sprengjuárásir Bandaríkjanna og annarra séu brot á alþjóðalögum.

Munurinn liggi í því að sýrlensk stjórnvöld hafi farið fram á aðstoð Rússa.

„Öll önnur lönd, sem til þessa hafa tekið þátt í aðgerðum í Sýrlandi, gera það ólöglega vegna þess að ekki er til nein ályktun frá öryggisráði Sameinuðu þjóðanna um þessar aðgerðir, og engin opinber beiðni frá sýrlenskum stjórnvöldum,“ sagði Pútín í viðtali á rússnesku sjónvarpsstöðinni Rossíja-1.

Þá sagði Pútín að Bandaríkin og aðrir sem hafa staðið í hernaði gegn hryðjuverkamönnum í Sýrlandi ættu að starfa með Rússum. Þannig gætu aðgerðir þeirra orðið lögmætar.

„Úr því við erum með umboð til aðgerða frá sýrlenskum stjórnvöldum, þá væri einfalda lausnin sú að aðrir gengju til liðs við okkur og störfuðu samkvæmt þessu sama umboði,“ sagði Pútín.

Rússar hafa verið gagnrýndir fyrir að varpa ekki sprengjum á liðsmenn Íslamska ríkisins eða annarra hryðjuverkasamtaka heldur á liðsmenn lögmætra uppreisnarsveita sem sumar hafa haft stuðning Bandaríkjanna.

Pútín svaraði því til að Rússar myndu fegnir þiggja nánari upplýsingar um það hvar þeir ættu að varpa sprengjum sínum: „Ef þeir þekkja aðstæðurnar á jörðu niðri betur en við og hafa þegar verið að athafna sig þar í meira en ár – ólöglega, að vísu, en á staðnum samt sem áður – ef þeir vita betur en við (og ég efast um að svo sé, en látum sem það sé hugsanlegt), þá ættu þeir að gefa okkur upplýsingar um skotmörk og við myndum beina aðgerðum okkar að þessum skotmörkum.“

> **Úr því við erum með umboð til aðgerða frá sýrlenskum stjórnvöldum, þá væri einfalda lausnin sú að aðrir gengju til liðs við okkur og störfuðu samkvæmt þessu sama umboði.**
>
> Vladimír Pútín, forseti Rússlands

Í viðtalinu staðfesti Pútín jafnframt að tilgangur árása rússneska hersins á uppreisnarmenn í Sýrlandi væri að styrkja stöðu stjórnar Bashars al Assad forseta: „Verkefni okkar er að festa í sessi hina lögmætu stjórn og skapa þær aðstæður að mögulegt verði að leita eftir pólitískri málamiðlun.“

Bandaríkjamenn og flest önnur ríki á Vesturlöndum líta svo á að Pútín sé þarna á algjörum villigötum. Assad Sýrlandsforseta sé engan veginn treystandi, enda hafi loftárásir stjórnarhersins á almenning líklega kostað eitthvað á annað hundrað þúsund manns, hið minnsta, lífið. Flóttafólkið frá Sýrlandi sé flest að flýja undan hernaði stjórnarinnar, ekki undan ofbeldi hryðjuverkamanna eða annarra uppreisnarmanna.



**Pútín viðurkenndi í viðtalinu að tilgangur árása rússneska hersins á uppreisnarmenn í Sýrlandi væri að styrkja stöðu stjórnar Bashars al Assad forseta. Hér sjást þeir Assad og Pútín funda.** NORDICPHOTOS/AFP

Loks viðurkenndi Pútín fúslega að efnahagsþrengingar Rússlands undanfarið ættu sinn þátt í nýrri áherslu stjórnvalda á hernaðaruppbyggingu innanlands. Í staðinn fyrir að kaupa hernaðargögn að utan, þegar olíutekjur Rússlands gátu staðið undir því, væri nú nauðsynlegt að efla innlenda hergagnaframleiðslu.

„Með öðrum orðum, að varnarmálaiðnaðurinn knýi áfram hagvöxtinn?“ spurði sjónvarpsmaðurinn Vladimír Solovjov, spyrjandinn í viðtalinu.

„Já, það er rétt,“ svaraði Pútín. „Þannig er gangur mála um allan heim – í Bandaríkjunum, Evrópu, Kína og Indlandi.“ **gudsteinn@frettabladid.is**





B|L
BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516





# Láttu hjartað ráða

Ítalska ólífuolían mín er kaldpressuð úr lífrænt rækt-uðum ólífum. Góð jafnt innvortis sem útvortis.

Solla

10 Tíu krónur af hverri seldri Himneskt vöru í október renna til Alzheimerfélagsins FAAS




BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT

EINSTÖK TILBOÐ!

GERÐU FRÁBÆR KAUP

WWW.BÍLALAND.IS




NISSAN PATROL SE
Nýskr. 11/09, ekinn 117 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.340.000
TILBOÐSVERÐ! 3.590 þús.




HYUNDAI i20 CLASSIC
Nýskr. 11/11, ekinn 51 þús km. bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 1.690.000
TILBOÐ kr. 1.460 þús.




TOYOTA AURIS TERRA
Nýskr. 06/10, ekinn 67 þús km. bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 2.090.000
TILBOÐ kr. 1.790 þús.




SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 06/12, ekinn 43 þús km. bensín, beinskiptur.
Verð áður kr. 3.690.000
TILBOÐ kr. 3.290 þús.




SKODA SUPERB AMBITION
Nýskr. 04/13, ekinn 114 þús km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.780.000
TILBOÐ kr. 2.790 þús.




HYUNDAI i40 COMFORT
Nýskr. 07/13, ekinn 35 þús km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 4.290.000
TILBOÐ kr. 3.790 þús.




HONDA ACCORD ELEGANCE
Nýskr. 07/13, ekinn 37 þús km. dísil, beinskiptur.
Verð áður kr. 3.790.000
TILBOÐ kr. 3.290 þús.

bílaland
Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is





Vandi löggæslunnar í landinu er mun djúpstæðari en kjaradeila lögreglunnar við ríkið gefur til kynna – undirmönnun hefur verið ljós árum saman og úrbótum heitið frá hendi stjórnvalda án efnda. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Stórlega þarf að fjölga í lögreglu um allt land

**Undirmönnun í lögregluliði landsins hefur legið fyrir árum saman. Hið minnsta þarf að fjölga um 200 manns í lögreglunni á landsvísu – er viðurkennt af ríkislögreglustjóra jafnt sem stjórnvöldum. Bæta þarf við milljörðum króna í framlög.**

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Vandi löggæslunnar í landinu er mun djúpstæðari en kjaradeila lögreglumanna við ríkið gefur til kynna. Legið hefur fyrir um árabil að fjölga þarf í lögregluliði landsins um á þriðja hundrað manns. Nefnd á vegum innanríkisráðherra komst að þeirri niðurstöðu fyrir rúmlega tveimur árum að hækka þyrfti fjárframlög til lögreglu um 3,5 milljarða.

### Geta ekki uppfyllt skyldur sínar

„Það er ljóst að það þarf a.m.k. 200 lögreglumenn í lögregluliðið eins og það er í dag til að lögreglan geti sómasamlega sinnt lögboðnum skyldum sínum," segir Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, í skriflegu svari til Fréttablaðsins þar sem óskað var eftir svörum vegna þess að allt frá hruni hefur Vinnuvernd ríkisins endurtekið beint því til Stjórnarráðsins að gera átak í vinnuvernd þeirra fjölmörgu sem starfa hjá hinu opinbera.

Tölur yfir vinnuslys opinberra starfsmanna, bæði í opinberri stjórnsýslu og þjónustu, eru hvað hæstu tölurnar í allri slysatölfræði eftirlitsins og sker lögreglan sig úr hvað það varðar. Rót þess vanda er mikil og viðvarandi undirmönnun, er mat Vinnueftirlitsins.

### Vandamálið löngu ljóst

Þegar horft er fáein ár aftur í tímann má finna þess stað á fjölmörgum stöðum að vandi lögreglunnar er viðurkenndur af öllum sem gerst þekkja – stjórnvöldum þar með talið. Í ársskýrslu ársins 2014 segir Haraldur Johannessen ríkislögreglustjóri að á árunum 2007 til 2014 fækkaði lögreglumönnum um tæplega 100, en aukafjárveiting árið 2014 leyfði ráðningar á 44 nýjum lögreglumönnum. Enn er þó langt í land, segir Haraldur, og vísar til niðurstöðu nefndar innanríkisráðherra frá mars 2013 sem skipuð var fulltrúum allra þingflokka, tveimur fulltrúum innanríkisráðuneytisins, ríkislögreglustjóra, Landssambands lögreglumanna og fleiri.

Niðurstaða þingnefndarinnar [Nefnd um gerð löggæsluáætlunar um Ísland] var að fjölga þyrfti lögreglumönnum um 236 eða um rúmlega 40%. Það eru fleiri lögreglumenn en starfa í heild sinni utan höfuðborgarsvæðisins. Í febrúar var fjöldi lögreglumanna samkvæmt upplýsingum ríkislögreglustjóra 640. Að mati ríkislögreglustjóra þurfa lögreglumenn í landinu að vera að lágmarki 860.

### Efling löggæslunnar í stefnuyfirlýsingu

*Í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, sem undirrituð var 22. maí 2013, segir um innanríkismál:*

*„Ríkisstjórnin leggur áherslu á að efla löggæsluna. Leiðarljós í því átaki verður niðurstaða nefndar um löggæslumál sem skilaði nýlega tillögum um forgangsröðun verkefna á næstu árum."*

*Hér er vísað til skýrslu nefndar innanríkisráðherra um gerð löggæsluáætlunar um Ísland.*

**Þar segir undir kaflanum Stefna og markmið:**

- Efling lögreglunnar fari fram á árunum 2013 til 2017. Markmiðið er að bæta getu lögreglunnar til þess að takast á við meginhlutverk sitt samkvæmt lögum.
- Styrkja innviði lögreglunnar og öryggi lögreglumanna með fjölgun þeirra, aukinni menntun og bættum búnaði svo lögreglan standi undir hlutverki sínu og störf hennar verði auk þess réttlætanleg og lögmæt m.a. varðandi öryggi lögreglumanna og almennings.

> Það er ljóst að það þarf a.m.k. 200 lögreglumenn í lögregluliðið eins og það er í dag til að lögreglan geti sómasamlega sinnt lögboðnum skyldum sínum.

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna



### Milljarða niðurskurður

Þá má geta þess að í áætlunum sem lögreglustjórarnir í landinu gerðu fyrir árin 2008 – 2012 sáu þeir fyrir sér að í landinu þyrftu að vera starfandi 804 lögreglumenn á árinu 2012 en rauntalan var 624 það ár.

Þetta fær svo enn frekari stoð í skýrslu sem Ögmundur Jónasson, þáverandi innanríkisráðherra, lagði fyrir Alþingi í desember 2012, „Staða lögreglunnar", en í henni er viðurkennt af stjórnvöldum að raunfjárveitingar til lögreglu höfðu dregist saman um 2,8 milljarða króna á árunum 2008 – 2011.

Þar er niðurstaðan afdráttarlaus: „Á samráðsfundi ráðuneytisins með ríkislögreglustjóra, 6. október sl. [2012], skýrði ríkislögreglustjóri frá því að hann hefði átt samráðsfundi með lögregluliðum úti á landi. Á þeim fundum hefði eindregið komið fram að nú um stundir væri lögreglunni ókleift að leysa þau verkefni sem ætlast væri til af henni vegna fjárskorts og manneklu. Ástandið í lögreglunni væri óásættanlegt og brýnt væri að fjölga lögreglumönnum og auka fjárveitingar til lögreglunnar. Að mati ríkislögreglustjóra væri það staðreynd að lögreglan getur ekki sinnt þeim verkefnum sem hún þarf að gera lögum samkvæmt."

### Mælirinn löngu fullur

Samkvæmt fyrrnefndri ársskýrslu ríkislögreglustjóra fyrir árið 2014 voru starfandi 299 lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu, en löggæslusvæðið nær yfir Reykjavík, Kópavog, Hafnarfjörð, Garðabæ, Mosfellsbæ, Seltjarnarnes og Kjós. Árið 1999 setti Böðvar Bragason, fyrrverandi lögreglustjóri, fram áætlanir um mannaflaþörf fyrir embætti sitt, sem þá náði til Reykjavíkur, Seltjarnarness og Mosfellsbæjar, og sagði að lágmarki þurfa 303 lögreglumenn til að halda uppi þjónustu við borgarana.

„Í dag, fjórtán árum síðar, sitjum við í þeirri stöðu að lögreglumenn eru 299 og löggæslusvæðið og þar með íbúafjöldinn, ökutækjafjöldinn o.fl. er margfaldur á við það sem þá var," segir Snorri en hann sagði frá þessu í viðtali við Bylgjuna á dögunum: „Við höfum horft upp á hvert svikið loforðið á fætur öðru, í kjaramálum, í búnaðarmálum, í mannfjöldamálum og svo framvegis. Mælirinn er bara einfaldlega orðinn fullur hjá lögreglumönnum. [...] Þannig að menn eru bara að gefast upp á álaginu og skeytingarleysi stjórnvalda og virðingarleysi í þeirra garð."

# Útsala

## 30-90% afsláttur

ÍSLENSKA /SÍA PEN 76580 10.15

## Staflastólar og stólar fyrir eldhús og kaffistofur







POLETT tréstóll með birkigrind
**Útsöluverð 19.900 kr.**
Verðlistaverð 52.816 kr.

CARVER staflastóll
**Útsöluverð 19.900 kr.**
Verðlistaverð 38.697 kr.

Ýmsir stakir stólar
**Verð frá 2.900 kr.**

## Skrifborðsstólar







STRIKE skrifborðsstóll
**Útsöluverð 49.900 kr.**
Verðlistaverð 79.900 kr.

FLEXIKIT skrifborðsstóll
**Útsöluverð 63.900 kr.**
Verðlistaverð 99.900 kr.

DEALER skrifborðsstóll
**Útsöluverð 20.720 kr.**
Verðlistaverð 29.600 kr.

Allir aðrir skrifborðsstólar verða á 20% afslætti á meðan á útsölunni stendur

## Skápar og hillur



FANSA skápur með rennihurðum
**Útsöluverð 29.900 kr.**
Verðlistaverð 220.416 kr.

## Skrifborð




Skrifborð í fastri hæð
**Verð frá 9.900 kr.**

Margar gerðir fundarborða
**30-90% afsláttur**

## Skápar og hillur



JIVE skápar – margar stærðir
**Útsöluverð frá 9.900 kr.**
Verðlistaverð frá 44.993 kr.

Útsölunni lýkur á miðvikudag

## Seljum einnig eldri sýnishorn og lítið útlitsgölluð húsgögn á ótrúlegu verði

Penninn
Húsgögn

Skeifunni 10, Reykjavík
Opið virka daga kl. 8–18

Sími 540 2330
husgogn@penninn.is
www.penninn.is

# Réttvísin



Fanney Birna Jónsdóttir
fanney@frettabladid.is

Hæstiréttur dæmdi í síðustu viku þrjá fyrrverandi stjórnendur Landsbankans í fangelsi. Héraðsdómur hafði áður sýknað tvo þeirra en sakfellt einn, sem fékk vægan dóm.

Á árunum fyrir hrun var dómskerfinu oft legið á hálsi fyrir að taka of létt á efnahagsbrotum. Rannsakendur og dómarar í efnahagsbrotamálum voru enda eftir á þegar kom að hraðri og bólukenndri þróun fjármálakerfisins. Frá efnahagshruni hefur mikið gengið á í dómskerfinu, margir sem brutu af sér í aðdraganda hrunsins hafa fengið makleg málagjöld og sitja ýmist í fangelsi eða bíða refsingar sinnar. Yfir því er ekkert hægt að kvarta, við búum í réttarríki – brjóti menn af sér hljóta þeir refsingu. Þannig virkar kerfið, sama hvort menn eru hvítflibbaglæpamenn eða smákrimmar. Blessunarlega. Réttvísin skal vera blind á stétt og stöðu.

Dómurinn í síðustu viku, í Imon-málinu svokallaða, er um margt áhugaverður. Í honum voru ákærðu meðal annars dæmd fyrir umboðssvik. Þrjú skilyrði eru fyrir sakfellingu fyrir slíkt brot. Eitt þeirra er að farið sé út fyrir það umboð sem menn hafa eða með öðrum orðum að þeir misnoti aðstöðu sína með því að brjóta lög, reglur eða önnur þekkt viðmið. Öll þrjú skilyrðin þurfa að vera uppfyllt svo að hægt sé að sakfella fyrir umboðssvik.

Í málinu lá fyrir og var óumdeilt að félaginu Imon voru lánaðar háar fjárhæðir af hendi þessara aðila skömmu fyrir fall bankans. Hæstiréttur segir í niðurstöðu sinni að ákærðu hafi ekki farið út fyrir heimild sína eftir reglum bankans. Með öðrum orðum fóru bankastjórnendurnir ekki út fyrir aðstöðu sína eða misnotuðu hana við veitingu lánsins – eins og eitt skilyrðið gerir kröfu um. Hæstiréttur bætir því hins vegar við að þeim hafi borið að líta til annarra reglna, jafnt skráðra sem óskráðra, og vísar í fordæmi dóms réttarins í hinu svokallaða Exeter-máli. Í því var málum hins vegar þannig háttað að öll þrjú skilyrði umboðssvika voru uppfyllt. Fordæmið er því ónákvæmt.

Í Imon-málinu bendir flest til þess að skilyrði umboðssvika í almennum hegningarlögum hafi ekki verið uppfyllt. Í Mannréttindasáttmála Evrópu og stjórnarskránni segir að menn skuli taldir saklausir uns sekt þeirra er sönnuð að lögum. Þar segir einnig að engan skuli telja sekan um afbrot hafi sá verknaður sem hann er borinn eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þegar þau voru framin. Í sakamálalögum kemur fram að skýra skuli allan vafa um sekt ákærða honum í hag. Samt sem áður sakfellir Hæstiréttur í þessu tilviki fyrir umboðssvik.

Ekki er hægt annað en að spyrja sig hvernig Hæstarétti tókst að komast að þessari niðurstöðu. Íslensk mannréttindaákvæði og alþjóðasáttmálar eru kristaltær hvað þetta varðar. Engum má refsa nema takist að sanna að hann hafi framið verknað sem var sannarlega refsiverður á þeim tíma sem hann var framinn. Vangaveltur um eftiráröksemdir og fyrirfram ákveðna niðurstöðu koma upp í hugann, þó að auðvitað sé ekki hægt að fullyrða um slíkt, raunar verður að vona að svo sé ekki. Út á við lítur málið þannig út að verið sé að bæta upp fyrir linkindina fyrir hrun með því að gefa í botn og dæma fólk í fangelsi þó að það brjóti ekki beint lög. Er réttvísin hætt að vera blind?

> **Íslensk mannréttindaákvæði og alþjóðasáttmálar eru kristaltær hvað þetta varðar. Engum má refsa nema takist að sanna að hann hafi framið verknað sem var sannarlega refsiverður á þeim tíma sem hann var framinn.**

Kynningarfundur Mundo um Jakobsveginn í Dómkirkjunni miðvikudaginn 14. október 2015, klukkan 20.00

Mundo er sönn ánægja að boða til almenns kynningarfundar um ferðir á Jakobsveg - Pílagrímastíginn til Santiago de Compostela árið 2016.

Meðal þess sem verður kynnt er:
1. Hjólaferðir - franska leiðin, norðurleiðin, portúgalska leiðin og styttri hjólaferðir eftir stígnum. Á hjólum og í kjólum fyrir konur 45+ (Burgos til Astorga).

2. Gönguferðir - a. fyrir konur 45+ b. fyrir alla síðustu 200 km c. fyrir alla fystu 300 km. c. fyrir 70+.

3. Rútuferð um Pílagrímastíginn.

4. Ferðir um stíginn fyrir einstaklinga og gönguhópa þar sem Mundo pantar gistingu, flug og trúss.

MUNDO www.mundo.is

Nánari upplýsingar hjá margret@mundo.is

## Halldór




## Frá degi til dags

**Hví borða þau ekki bara kökur?**
Forseti vor sagði á Sprengisandi á Bylgjunni síðastliðinn sunnudag að lífið sem forseti væri enginn dans á rósum. Hann hefði í sinni valdatíð þurft að færa miklar fórnir. Hinn venjulegi íslenski almúgamaður getur ekki á nokkurn hátt sett sig í spor forseta og því skilur lýðurinn ekki hvers konar fórnir forsetinn hefur þurft að færa til að halda hlífiskildi yfir þjóð sinni. Þjóðin þarf líka að færa fórnir, skoða heimilisbókhaldið, velta hverri krónu tvisvar, neita börnum um tómstundir, nýja takkaskó eða laugardagsnammi.

**Kirkjan og fjármagnið**
Frú Agnes Sigurðardóttir, biskup yfir Íslandi, hefur sent Alþingi bréf þar sem krafist er að farið sé að lögum og reglum hvað varðar fjárframlag ríkisins til þjóðkirkjunnar. Vonast Agnes eftir því að 229 milljónum meira verði varið til kirkjunnar á fjárlögum næsta árs. Það er auðvitað þannig að á meðan við höfum þjóðkirkju á Íslandi þá þarf ríkið að tryggja fjárstreymi til hennar og að öllum reglum sé fylgt í þeim efnum. Eftir efnahagshrunið hafa margir notað þann frasa að nú sé mál að linni og við ættum að hætta að horfa í baksýnisspegilinn. Að sama skapi ættum við líka að spyrja okkur hvenær við hættum að spegla okkur í 2.000 ára gömlum sögum.

sveinn@frettabladid.is

# Erindi jafnaðarmanna



Oddný G. Harðardóttir
Þingmaður Samfylkingarinnar

Mikil ólga er í stjórnmálunum um þessar mundir. Fólk kallar eftir einhverju nýju og öðru en það hefur haft. Í Bretlandi hefur Verkamannaflokkurinn valið til forystu nýjan leiðtoga, eldri mann sem virðist hafa kveikt einhvern neista hjá ungu fólki. Hann hefur stundum þótt róttækur og umdeildur en hann er jafnaðarmaður. Fróðlegt verður að sjá hvaða línur hann mun leggja.

Eigum við jafnaðarmenn eitthvert erindi á 21. öldinni? Grunngildi jafnaðarstefnunnar hafa frá fyrstu tíð verið jafnræði, réttlæti, samhjálp og friður. Að allir einstaklingar skipti máli og leggi sitt af mörkum til samfélagsins. Þetta kemur fram í baráttu jafnaðarmanna fyrir velferð einstaklinga, eflingu atvinnulífs, sanngjörnum viðskiptum og félagslegu réttlæti. En ekki síður í vilja til að skila lífvænlegri veröld til komandi kynslóða með baráttu fyrir umhverfisvernd í anda sjálfbærrar þróunar. Þeir berjast gegn hvers kyns spillingu og hindrunum sem standa í vegi góðra stjórnunarhátta og gegn þeim stjórnmálaöflum sem styðja hag forréttindahópa. Jafnaðarmenn standa vörð um frjálsa fjölmiðlun, óháð og óvilhallt réttarkerfi og virðingu fyrir réttindum minnihlutahópa og einstaklinga.

Svarið við spurningunni er augljóslega já, því grunngildi jafnaðarstefnunnar eru sígild og eiga jafn vel við nú og áður.

Þegar fólk velur að styðja við stefnu jafnaðarmanna, getur það verið visst um út frá hvaða meginsjónarmiðum verður unnið. Meiri hluti kjósenda treysti því að áherslur Samfylkingarinnar og Vinstri grænna myndu reynast almenningi best í glímunni við fordæmalausar aðstæður eftir hrun. Nú, sjö árum eftir hrun, hafa fræðimenn skoðað hvernig þjóðir tókust á við kreppuna.

> **Þegar fólk velur að styðja við stefnu jafnaðarmanna, getur það verið visst um út frá hvaða meginsjónarmiðum verður unnið.**

**Ísland og Írland**

Hægristjórnin á Írlandi fór allt aðra leið en vinstristjórnin á Íslandi. Írar lækkuðu bætur, hækkuðu almenna skatta, styttu atvinnuleysistímabilið og lækkuðu vaxtabætur. Við hækkuðum bætur, lækkuðum skatta á lágtekjuhópa, lengdum atvinnuleysistímabilið, hækkuðum almennar vaxtabætur og bættum sérstökum vaxtabótum við. Á Íslandi urðu lágtekjuhóparnir fyrir minnstri kjaraskerðingu og jöfnuður fór vaxandi en á Írlandi urðu lágtekjuhóparnir fyrir mestri kjaraskerðingu og ójöfnuður fór vaxandi.

Það skiptir mál hverjir stjórna.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Konur og aðrir sólbaðsstofunuddarar – taka þrjú



Tryggvi Gíslason
fv. skólameistari



Jón Steinar Gunnlaugsson er við sama heygarðshornið í Fréttablaðinu í gær og reynir nú að fela sig á bak við kenningar lögfræðinnar um réttarheimildir. Athugasemdir mínar fjölluðu ekki um ákvæði stjórnarskrár um réttarheimildir og að sjálfsögðu eiga dómstólar að leysa úr réttarágreiningi milli manna með því að dæma að lögum.

Á stundum þurfum við kennarar að endurtaka fyrir nemendum sem geta ekki – eða vilja ekki – skilja það sem við þá er sagt. Af þeim sökum verð ég að endurtaka þrjú meginatriði í málflutningi mínum í deilum okkar Jóns Steinars:

Í fyrsta lagi: Krafa nútíma lýðræðis, þar sem jafnrétti á öllum sviðum er hornsteinninn, er að konur komi alls staðar að málum þar sem velferð þegna lýðræðissamfélags er ráðin – til jafns við karlmenn.

Í öðru lagi: Það er rangt að bera saman lækna, iðnaðarmenn, verkamenn, veitingamenn og sólbaðsstofunuddara annars vegar og konur hins vegar, eins og Jóns Steinar gerir. Konur eru menn – ekki starfsstétt.

Í þriðja lagi: Landslög eru mannasetningar – ekki óskeikul guðs lög, enda þótt lögin verði að vera forsenda fyrir starfi dómstóla. En vegna þess að lögin eru ekki óskeikul fæst lagalega rétt niðurstaða ekki alltaf – skoðanir á túlkun laganna eru skiptar og hin lagalega rétta niðurstaða er ekki aðeins ein, eins og Jón Steinar heldur fram. Það er líka þess vegna sem Jón Steinar, fyrrverandi hæstaréttardómari, gerir athugasemdir í rammagrein í miðopnu Morgunblaðsins í gær við niðurstöður Hæstaréttar sl. fimmtudag í máli gegn fyrrverandi bankastjóra Landsbanka Íslands.

**Á stundum þurfum við kennarar að endurtaka fyrir nemendum sem geta ekki – eða vilja ekki – skilja það sem við þá er sagt.**

# Eru dómarar líka menn?



Hjördís Birna Hjartardóttir
lögmaður

Mikið hefur verið skrifað um skipan Hæstaréttar undanfarna daga og vikur í framhaldi af því að fimm (karl)manna dómnefnd komst að þeirri niðurstöðu að Karl Axelsson væri hæfastur til að gegna embættinu. Innanríkisráðherra ákvað að fylgja tilmælum nefndarinnar, líkt og viðbúið var, en hefur að sama skapi gefið í skyn að hún hyggist gera breytingar og horfa í þeim efnum til framtíðar.

Það er talsvert tabú á meðal lögmanna að tjá sig um dómara. Lögmenn hafa að sjálfsögðu sterkar skoðanir á dómurum bak við luktar dyr skrifstofunnar, en þeir ræða þær skoðanir treglega opinskátt. Af hverju? Af því að lögmenn flytja mál sín frammi fyrir þessum sömu dómurum og eiga velgengni sína – eða réttara sagt velgengni skjólstæðinga sinna – undir dómum þeirra. Þessi tregða við gagnrýni á sérstaklega við um Hæstarétt. Það er líka vel þekkt á meðal lögmanna að þeir vilja frekar að málin sín lendi hjá þessum dómara heldur en hinum. Af hverju? Af því að lögmenn kunna betur við suma dómara en aðra og treysta sumum dómurum betur en öðrum til að komast að „réttri“ niðurstöðu.

### Mótsögn

Í þessu er ákveðin mótsögn. Mjög snemma í lögfræðinámi er laganemum kennt að dómarar skuli vera sjálfstæðir og óvilhallir; að þegar dómari klæði sig í skikkjuna afklæðist hann í raun persónu sinni og beiti einungis lögunum. Þetta er einmitt það sem Jón Steinar byggir málflutning sinn á þessa dagana, þ.e. að dómarar séu ekkert annað en þjónar réttarins. Jón hefur reyndar líka ásakað Hæstarétt um mikla persónulega andúð í sinn garð, reyndar svo mikla að hann hafi ákveðið að hætta að flytja mál fyrir réttinum vorið 2004, áður en hann var skipaður dómari. Jón á einnig fordæmalausan fjölda sératkvæða sem dómari við réttinn. Samt var hann að beita sömu lögum og allir hinir. Hvað veldur? Skiptir kannski einhverju máli hver persónan er sem dæmir?

Hugmyndin um dómarann sem afklæðist persónu sinni er göfug, en er hún raunveruleg? Var það t.d. einskær tilviljun að í svokölluðu „Hells Angels“ máli, þar sem Hæstiréttur var skipaður fjórum karldómurum og einum kvendómara, var það eingöngu kvendómarinn sem vildi sakfella fyrir nauðgun? Eða var það einskær tilviljun að sama ár var sami kvendómari sá eini (af fimm) sem vildi sakfella fyrir kynferðisbrot gegn 14 ára barni? Ég legg áherslu á að kvendómarinn var að beita sömu lögum og karlkyns samdómendur hennar. Ætlum við að láta eins og kyn hafi ekki skipt neinu máli í þessu samhengi? Óttumst við kannski að ef við viðurkennum að kynferði dómara skiptir máli sé búið að eyðileggja göfugu hugmyndina um skikkjuklæddu og persónulausu veruna?

**Það er ekki fyrr en við förum að tala um kynferði og hæfi í sömu setningunni, og augljósan skort á kvendómurum í Hæstarétti, sem menn byrja að dusta rykið af innihaldslausum frösum um þjóna réttarins.**

### Innihaldslausir frasar

Lögmenn eru í reynd löngu búnir að viðurkenna að þessi vera er ekki til. Þess vegna forðast þeir að styggja dómara og kjósa ákveðna dómara umfram aðra. Það er ekki fyrr en við förum að tala um kynferði og hæfi í sömu setningunni, og augljósan skort á kvendómurum í Hæstarétti, sem menn byrja að dusta rykið af innihaldslausum frösum um þjóna réttarins.

Að mínu mati er það einfeldningsháttur að halda að reynsla og persónulegir eiginleikar dómara muni ekki hafa áhrif á störf hans. Hjá því verður ekki komist. Það þýðir ekki að hann eða hún sé verri dómari. Það þýðir heldur ekki að dómarar hætti að beita hinni lagalegu aðferð og byrji niðurstöðukafla dóma á „mér finnst“. Það þýðir bara að dómarar eru manneskjur og hætta ekki að vera manneskjur þegar þeir klæða sig í skikkjuna. Þess vegna viljum við að Hæstiréttur endurspegli samfélag okkar betur. Það er eðlileg og málefnaleg krafa. Gott fyrsta skref til að nálgast það markmið væri að taka af allan meintan vafa um að jafnréttislög gilda um skipan dómnefndar.

# Sif og frelsið til fordóma



Bryndís Nielsen
ráðgjafi í almannatengslum

Sif Sigmarsdóttir birti nýverið pistil í Fréttablaðinu um fordóma og fer þar víða. Nú er ég sammála minni gömlu vinkonu varðandi ýmislegt en finnst þó skjóta skökku við að hún hefji greinina með því að afhjúpa djúpstæða fordóma gagnvart almannatenglum. Ganga jafnvel svo langt að kalla þá „flór-mokandi afstæðisprédikara“ og segja stéttina vera „sannleikanum eins og engisprettufaraldur er gróðri“. Þetta er auðvitað ekkert annað en argasti atvinnurógur.

### Óprúttnir spunameistarar?

Sem ráðgjafi í almannatengslum hef ég margoft þurft að sitja undir ásökunum af þessu tagi, ásökunum sem hafa þó verið í litlum sem engum tengslum við raunveruleg störf mín eða flestra annarra almannatengla hér á landi. Almannatenglar eru gjarnan sagðir óprúttnir spunameistarar sem starfa við að afbaka sannleikann gagnvart grunlausum almenningi, spilltum stórfyrirtækjum í vil. Slíkar fullyrðingar hafa ekkert með sannleikann að gera.

Nú er misjafn sauður í mörgu fé, en við verðum að hafa það í huga að raunveruleikinn er ekki ávallt eins og bandarískir sjónvarpsþættir vilja túlka hann. Að líkja almannatenglum við plágur sem starfi við það eitt að hvítþvo spillta og valdamikla aðila gagnvart grunlausum almenningi er sambærilegt því að segja að allir ljósmyndarar séu óforskammaðir papparassar sem eltist við appelsínuhúð erlendra leikkvenna með aðdráttarlinsum. Þó að einhverjir þeirra geri vissulega slíkt þá er af og frá að segja þá starfshætti einkennandi fyrir stéttina.

**Almannatenglar eru ráðgjafar í samskiptamálum. Þeir aðstoða fyrirtæki, félög og stofnanir við að koma skilaboðum sínum á framfæri og veita þeim góð ráð í samskiptum.**

### Úlfur, úlfur!

Almannatenglar eru ráðgjafar í samskiptamálum. Þeir aðstoða fyrirtæki, félög og stofnanir við að koma skilaboðum sínum á framfæri og veita þeim góð ráð í samskiptum, bæði inn á við og út á við. Oft felst það í að skrifa fréttatilkynningar eða koma skilaboðum með öðrum hætti áleiðis til almennings. Þannig þjóna þeir viðskiptavinum sínum en stuðla um leið að því að fjölmiðlar spegli umræðuna í samfélaginu frá sem flestum sjónarhornum.

Við þekkjum öll dæmisöguna um drenginn sem kallaði „úlfur, úlfur“ og á hún ekki síst við um störf okkar almannatengla. Verði ég til að mynda uppvís að lygum fyrir viðskiptavin er traust mitt gagnvart starfsfólki fjölmiðla og almenningi uppurið og erfitt að sjá hvernig ég ætlaði að sjá fyrir mér í því starfi framvegis.

### Fordómar í verki

Pistil sinn kallar Sif „Frelsi til að sýna fordóma í verki“ og má vel heimfæra þá fyrirsögn á efni greinarinnar. Fordómar eru af ýmsum toga en góðu fréttirnar eru þær að með aukinni fræðslu og upplýsingu má vel uppræta þá. Því vil ég nota tækifærið og bjóða Sif í kaffi til mín, hvenær sem henni hentar, svo við getum farið saman yfir raunveruleg störf íslenskra almannatengla. Vonandi verður það til þess að uppræta þá fordóma sem hún ber í garð stéttarinnar.



# Bætum stjórnmálin – breytum stjórnarskránni



Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

**Nú er tækifæri til að afgreiða þessa breytingu í þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða forsetakosningum næsta sumar.**

Stundum er rætt um breytingar á stjórnarskrá sem einhvers konar gæluverkefni: Eitthvað sem sé vissulega jákvætt en skipti engu sérstöku máli í bráð. Reynsla undanfarinna ára segir okkur allt aðra sögu.

### Þjóðaratkvæði breytir stjórnmálunum

Harkalegustu átök á vettvangi stjórnmálanna hafa snúist um rétt þjóðarinnar til að ráða til lykta stórum málum, eins og aðildarumsókn að Evrópusambandinu og um eignarhald þjóðarinnar á sameiginlegum auðlindum. Ef við hefðum í stjórnarskrá ákvæði um þjóðareign á auðlindum og rétt þjóðarinnar til að kalla umdeild mál í þjóðaratkvæðagreiðslu væri umgjörð stjórnmálabaráttunnar að þessu leyti betri og myndi skila okkur meiri árangri. Núverandi staða veldur því að við komumst hvorki aftur á bak né áfram og náum hvorki að þróa almennilega fullnægjandi gjaldtöku af auðlindum né að skapa þeim sem starfa í auðlindagreinum fyrirsjáanleg starfsskilyrði. Og þjóðin er í einstakri stöðu meðal lýðræðisþjóða að eiga ákvörðun um þjóðaratkvæðagreiðslur undir geðþótta eins manns, forseta Íslands.

### Komið að breytingum

Eftir áratugaþrætur um þessi tvö sjálfsögðu mál er nú komið að ögurstundu. Allir flokkar hafa einhvern tíma lofað þjóðinni ákvæði um þjóðareign á auðlindum og þjóðaratkvæðagreiðslur og þjóðin tjáði skýrt vilja sinn í þjóðaratkvæðagreiðslunni um breytingar á stjórnarskrá í október 2012. Nú er tækifæri til að afgreiða þessa breytingu í þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða forsetakosningum næsta sumar, ef stjórnmálaflokkarnir eru tilbúnir að virða skýran þjóðarvilja og standa við gefin fyrirheit.

Stjórnmálin hafa hingað til endurspeglað umgjörðina sem um þau er gerð. Á Íslandi hafa ákvæði stjórnarskrárinnar ýtt undir meirihlutaræði og frekjustjórnmál og lamað rétt minnihlutans til málefnalegrar þátttöku í ákvörðunum. Í Danmörku getur þriðjungur þingmanna vísað málum í þjóðaratkvæði. Hér er ræðustóll Alþingis hins vegar eina vörn minnihlutans gegn yfirgangi meirihlutans sem leitt hefur til harkalegs stjórnmálaumhverfis og linnulausrar baráttu um dagskrárvald Alþingis með málþófi og klækjabrögðum.

### Endurheimtum tiltrú á Alþingi

Afleiðingin getur bara verið ein: Minnkandi tiltrú á Alþingi Íslendinga. Sú tiltrú verður ekki endurreist með ræðum fullum af heitstrengingum um að nú bíði betri tíð, heldur með því að breyta í grundvallaratriðum valdajafnvægi á Alþingi og byggja þannig grunn fyrir farsæl stjórnmál þar sem allir geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Minnihlutinn þarf að fá möguleikann á þjóðaratkvæðagreiðslu sem nauðsynlegan neyðarhemil og láta þá á móti frá sér réttinn til málþófs og tafaleikja. Við munum öll hagnast á þeirri breytingu.

# Örfá orð um framlag okkar til Feneyjatvíæringsins



Finnur Arnar og Áslaug Thorlacius
myndlistarmenn



Um daginn brugðum við hjónin okkur til Feneyja til að skoða myndlist. Feneyjatvíæringinn er einn stærsti myndlistarviðburður í heiminum en hann er haldinn annað hvert ár, stendur þá í u.þ.b. sex mánuði og dregur á þeim tíma til sín yfir 300.000 gesti. Þungamiðjan er annars vegar sýning í tveimur hlutum sem stjórnað er af listrænum stjórnanda og hins vegar þjóðarskálar sem eru á ábyrgð yfirvalda menningarmála í viðkomandi landi. Að auki er síðan fjöldi sjálfstæðra viðburða, ýmist undir hatti hátíðarinnar eða algjörlega óháðir.

Við vorum að frá morgni til kvölds og giskum á að á fjórum dögum höfum við séð verk eftir 3-400 listamenn á hátt á annað hundrað sýningum. Verkin voru alls konar, sum höfðuðu ekki til okkar, mörg voru góð og nokkur algjörlega stórkostleg.

Myndlist er öflugur tjáningarmiðill sem varpar allt annars konar ljósi á viðfangsefnið en tungumálið. Hún er sem slík mjög mikilvæg því hún víkkar sýn okkar á tilveruna og dýpkar skilning okkar á lífinu. Skilaboð myndlistarinnar geta höfðað til ýmissa skilningarvita, þau geta verið vitræn og tilfinningaleg en upplifun sem áhorfandi verður fyrir er sjaldnast hægt að lýsa til fulls með orðum.

Á tvíæringnum að þessu sinni fjalla fjölmörg verk um þau erfiðu mál sem hæst ber í samtímanum; fólk á flótta, stríð, landamæri, fordóma og mismunun af ýmsu tagi. Efnistökin eru jafn ólík og verkin eru mörg en framlag Íslands að þessu sinni, telst tvímælalaust til þessa hóps verka. Við getum sannarlega verið stolt af okkar framlagi en Moska Christofs Büchel er gríðarlega áhrifaríkt og marglaga verk. Hugmyndin er einföld í stærð sinni og útfærslan óaðfinnanleg. Verkið er hápólitískt en líka friðsælt og fallegt. Það felur ekki í sér neina predikun en vekur upp fjölmargar spurningar og kveikir sterkar tilfinningar. Við erum þeirrar skoðunar að verkið sé á slíkum skala að ekki sé hægt að bera það saman við nokkurt annað verk á hátíðinni.

**Við skorum á yfirvöld menningarmála að krefjast þess að sýningarskáli Íslands í Feneyjum verði opnaður almenningi á ný.**

### Látum ekki þagga niður í okkur

Við vorum svo lánsöm að komast inn í Moskuna en eins og flestir vita var henni lokað fljótlega eftir að tvíæringurinn hófst. Sú staðreynd hefur fengið undarlega litla umræðu. Það er sérlega áhugavert frá tveimur sjónarhornum. Annars vegar því að yfirstjórn tvíæringsins, sem á að heita helsti vettvangur framsækinnar myndlistar í heiminum, skuli sætta sig við að fordómar íhaldsafla í borgarstjórn Feneyja stjórni því hvað þar er sýnt og hvað ekki. Það eitt er ótrúlegt og fáránlegt! Hitt er að við Íslendingar skulum ekki mótmæla þessari yfirgangsfullu ritskoðun af meiri krafti. Hvað myndum við gera ef sett yrði bann á framlag okkar til Eurovision eða Bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs? Hvað erum við eiginlega að hugsa? Viljum við ekki einmitt gera okkur sem mest gildandi á alþjóðavettvangi? Vorum við ekki til dæmis að sækjast eftir sæti í Öryggisráði SÞ fyrir stuttu?

Það vantar ekki áhugann á meðal sýningargesta. Þrátt fyrir að þessi gamla afhelgaða kirkja sé töluvert utan alfaraleiðar var stöðugur straumur fólks sem vildi skoða Moskuna. Við viljum ekki trúa því að áhugaleysi okkar Íslendinga tengdist þeirri staðreynd að íslenski listamaðurinn, Christof Büchel, er aðfluttur. Við skorum á yfirvöld menningarmála að krefjast þess að sýningarskáli Íslands í Feneyjum verði opnaður almenningi á ný. Tvíæringurinn stendur til 22. nóvember þannig að enn ætti töluverður fjöldi gesta möguleika á að sjá okkar framlag. Stöndum með þessu glæsilega verki. Látum ekki þagga svona auðveldlega niður í okkur!

# Lögreglufrumvarpið



Einar Hermannsson
framkvæmdastjóri

Ungur og nýr þingmaður Sjálfstæðisflokks, Vilhjálmur Árnason, hefur lagt til frumvarp sem felur í sér að áfengissala verði gefin frjáls. Ég ætla ekki að mótmæla því að þingmenn komi fram með frumvörp sem eru þeirra hjartansmál og þeim finnst skipta þjóðina máli. Þetta er fyrsta frumvarpið sem hann leggur fram einn en hann gæti verið flutningsmaður að öðrum frumvörpum sem fleiri standa að.

Ég á hins vegar mjög erfitt með að skilja hvaða hvatir liggja að baki hjá þessum ágæta og greinilega duglega þingmanni sem valda því að þetta er hans fyrsta mál á Alþingi. Hann hefur oft og tíðum talað um það að hann komi inn á Alþingi með reynslu sem lögreglumaður. Að koma því með frumvarp sem felur í sér meira aðgengi að áfengi, sem allar rannsóknir sýna að auki neyslu og eykur þar af leiðandi á þann vanda sem er nú nægur fyrir er mér óskiljanlegt. Sem lögregluþjónn hefur hann sennilega séð alla hörmung á heimilum þar sem áfengi leikur aðalhlutverkið, fjarlægt börn frá drukknum mæðrum, fjarlægt ofbeldisfulla drukkna feður og látið þá láta renna af sér í fangaklefa. Svo ekki sé nú talað um allt það sem gerist í miðbæ Reykjavíkur um helgar.

**Að koma því með frumvarp sem felur í sér meira aðgengi að áfengi, sem allar rannsóknir sýna að auki neyslu og eykur þar af leiðandi á þann vanda sem er nú nægur fyrir er mér óskiljanlegt.**

Ég er ekki viss um að kollegar hans í lögreglunni séu því sammála að þetta eigi að vera hans fyrsta mál á Alþingi, komandi úr starfi sem lögreglumaður. Ég held að þeir myndu benda honum á fullt af öðrum málum sem þeir vildu sjá í forgangi.

Það er ekkert sem kallar á þessa breytingu í okkar samfélagi, nema þá helst aukinn gróði fyrir verslanir sem er sennilega ekki í forgangi hjá fyrrverandi lögreglumanni, eða hvað?

Ég hvet hann því eindregið til að endurskoða þetta frumvarp og draga það til baka.



# Tröppur og stigar
## fyrir framkvæmdafólk MÚRBÚÐARVERÐ

A015-105
Áltrappa 6 þrep
**16.790**
7 þrep kr. **21.730**

LFD 90AL70x33x100 cm
**9.990**

GOTT ÚRVAL AF TRÖPPUM FYRIR IÐNAÐARMANNINN

A0118-104 4 þrep
**10.900**

LLA-211
PRO álstigi/trappa
2x11 þrep
**17.280**

A031-206 6 þrep
**22.990**
5 þrepa **20.740,-**
9 þrepa **32.990,-**
11 þrepa **39.520,-**

RLA-05
Áltrappa 5 þrep, tvöföld
**6.590**
4 þrepa **5.990,-**
6 þrepa **7.790,-**
7 þrepa **8.990,-**

CLA-403
Fjölnota trappa með palli
stigi/pallur 4x3 þrep
**15.890**

**TVÖFALDUR STIGI**
Stigi TIA-LSC380AL1
með reipi 361-610cm
**33.900**

San-SM-RLB02
stubbastækkari
**3.550**

Uppfylla AN:131 staðalinn

LLA-110
Álstigi 10 þrep
**6.990**
8 þrepa **6.610**
12 þrepa **7.900**

Áltrappa 3 þrep
**3.990**
Áltrappa 4 þrep **4.990**
5 þrep **6.390**

LLA-211 - BAR
PRO álstigi/trappa
2x11 þrep
3,11-5,34 m
**16.990**

SAN-SM-CLE206
Fjölnota pallur/trappa
**18.990**
pallur fylgir

LLA-308
PRO álstigi 3x8 þrep
2,27-5,05 m
**17.990**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7 | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18 | Opið virka daga kl. 8-18 |

MÚRBÚÐIN
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

*Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!*



**Lars Lagerbäck heldur tölu yfir strákunum okkar fyrir æfingu liðsins í Konya í Tyrklandi í gær.** FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Hafa gert þetta allt saman áður

**Lars Lagerbäck hefur fulla trú á sínum mönnum fyrir leikinn gegn Tyrklandi í dag og óttast ekki að þeir endurtaki mistök sín frá því á laugardag. Lars á bara góðar minningar frá leikjum sínum gegn Tyrkjum.**

Eiríkur S. Ásgeirsson
eirikur@frettabladid.is
Björn Sigurðsson
boddi@365.is


**FÓTBOLTI** Ísland fær tækifæri í dag til að fegra knattspyrnusögu sína enn frekar er liðið getur með sigri á Tyrklandi tryggt sér sigur í A-riðli undankeppni EM 2016. Íslenska karlalandsliðinu hafði aldrei fyrr tryggt sér sæti á stórmóti, hvað þá unnið sinn riðil í undankeppni.

En hindrunin er mikil. Strákarnir þurfa allra helst að vinna Tyrki á hinum glæsilega Torku Arena leikvelli í Konya þar sem allt er undir hjá heimamönnum. Tyrkir mega ekki við því að tapa og hingað er erfitt að koma, hvort sem er með landslið eða félagslið.

„Þetta er sannarlega erfiður útivöllur. En þessir strákar hafa gert þetta allt saman áður, ég hef ekki áhyggjur af þeim,“ segir Lars Lägerback, annar landsliðsþjálfara Íslands, án þess að hika. Hann getur leyft sér að vera öruggur með sig, enda aldrei tapað fyrir Tyrklandi á sínum landsliðsþjálfaraferli – hvort sem er með Svíþjóð eða Íslandi.

„Ég vona að það breytist ekki á morgun,“ segir hann og brosir.

### Enginn góður nema Hannes

Hefði Ísland unnið Lettland á laugardag væri sigurinn í riðlinum þegar tryggður, fyrst Tékkland tapaði fyrir Tyrklandi. Enn fremur olli spilamennska Íslands í seinni hálfleik vonbrigðum, er strákarnir misstu 2-0 forystu í jafntefli.

Lagerbäck segir að leikmenn hafi ef til vill ofmetnast og ætlað sér of mikið.

„Ég tel að hugarfarið hafi verið að trufla okkur. Við vorum komnir áfram á EM og 2-0 yfir eftir fyrri hálfleikinn. Það gerði þetta enginn viljandi en ég held að það vilji allir hafa þennan þátt í okkar leik í lagi.“

Hann segir að liðsheildin hafi vikið fyrir einstaklingsframtaki og það megi ekki endurtaka sig hjá Íslandi. „Það var enginn góður í seinni hálfleik, nema kannski Hannes. Það var ekkert skipulag á liðinu og við ætluðum okkur of mikið í sóknarleiknum.“

### Gerbreytt lið Tyrkja

Tyrkir töpuðu fyrstu tveimur leikjum sínum í undankeppninni en eru taplausir í sjö leikjum síðan þá. Óhætt er að segja að Fatih Termin landsliðsþjálfara hafi tekist að kúvenda gengi liðsins og hrósaði Lagerbäck honum fyrir starf sitt.

„Liðið er breytt, mjög vel skipulagt og spilar góðan varnarleik. Það getur núna brugðist við aðstæðum eins og sást gegn Tékklandi. Þar fóru þeir rólega af stað en sóttu meira eftir að leið á leikinn. Eftir að þeir skoruðu fóru þeir aftur með varnarlínuna sína og pössuðu sig sérstaklega á því að gera engin mistök.“

Íslensku þjálfararnir hafa búið sína menn undir að mæta báðum útgáfum af tyrkneska liðinu – sókndjörfu og varnarsinnuðu. Hvort sem verður er ljóst að það verður erfitt fyrir Ísland að sækja í gegnum þétta miðju Tyrkja en Lagerbäck hefur svar við því.

„Við þurfum að beita lengri sendingum og vera þolinmóðir í uppspilinu þar til þeirra skipulag riðlast aðeins. Venjulega getum við beitt báðum úrræðum og vonandi geta leikmenn leitað í þetta tvennt í leiknum.“

### Minnisstætt afrek

Engum dylst hversu magnaður árangur það væri að enda í efsta sæti þessa undanriðils. Engin verðlaun eru þó veitt fyrir fyrsta sætið en bæði þjálfarar og leikmenn eru einbeittir að því að ná því takmarki sínu.

„Við værum auðvitað allir afar ánægðir með að ljúka þessari undankeppni með sigri og að ná efsta sæti riðilsins. Það væri afar sætt og yrði lengi í minnum haft.“

## Lagerbäck hefur aldrei tapað fyrir Tyrklandi

**15. júní 2000**
*Úrslitakeppni EM 2000*
**Svíþjóð 0-0 Tyrkland**

**7. október 2000**
*undankeppni HM 2002*
**Svíþjóð 1-1 Tyrkland**

**5. september 2001**
*undankeppni HM 2002*
**Tyrkland 1-2 Svíþjóð**

**6. febrúar 2008**
*vináttulandsleikur*
**Tyrkland 0-0 Svíþjóð**

**9. september 2014**
*undankeppni em 2016*
**Ísland 3-0 Tyrkland**



> Ég tel að hugarfarið hafi verið að trufla okkur. Við vorum komnir áfram á EM og 2-0 yfir eftir fyrri hálfleikinn.
>
> Lars Lagerbäck, landsliðsþjálfari

# Undirbúningurinn fyrir EM er hafinn

**FÓTBOLTI** Það fer vel um leikmenn íslenska liðsins í Konya í Tyrklandi, að sögn Kolbeins Sigþórssonar. Leikurinn fer fram á hinum nýbyggða Torku Arena og aðstæður fyrir leikmenn eru hinar ákjósanlegustu.

Kolbeinn reiknar með erfiðum leik gegn Tyrklandi sem eru að berjast fyrir því að komast á EM. „Þrátt fyrir það erum við samt í fjandi góðri stöðu og ekkert hægt að kvarta yfir henni,“ segir Kolbeinn en Ísland er með eins stigs forystu á Tékka fyrir leikina í dag. Tékkar mæta Hollendingum á útivelli en þeir síðarnefndu eiga í harðri baráttu við Tyrki um þriðja sætið í riðlinum – það síðasta sem veitir möguleika á EM-sæti.

„Við erum ekki að fara að spila þennan leik fyrir Hollendinga,“ sagði Kolbeinn en Holland þarf á íslenskum sigri að halda í dag. „Við erum að spila fyrir okkur – við ætlum að taka þrjú stig og enda þetta almennilega. Undirbúningur okkar fyrir EM næsta sumar er nú þegar hafinn.“

Tyrkir hafa ekki tapað í sjö leikjum í röð í undankeppninni og allt annað að sjá til liðsins frá því í 3-0 sigri Íslands í leik liðanna á Laugardalsvelli í fyrra.

„Þeir eru klárlega betri í dag. En við höfum okkar skipulag sem við þurfum að halda. Við þurfum svo að vera tilbúnir fyrir hvað sem þeir hafa fram að færa. Ég hef engar áhyggjur af að það sama hendi okkur og gegn Lettlandi um helgina. Það sem gerðist þá var ekki líkt okkur og ég tel fullvíst að menn muni rífa sig upp og bæta upp fyrir seinni hálfleikinn gegn Lettlandi.“ **- esá**


**Kolbeinn var fyrirliði gegn Lettum í fjarveru Arons.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Nýjast

**Olís-deild karla**

**Víkingur - ÍBV 22-26**
Markahæstir: Víglundur Jarl Þórsson 5/1 - Einar Sverrisson 10.
Stóra saga leiksins voru meiðsli lykilmanna beggja liða sem runnu á hálu gólfinu í Víkinni. Stephen Nielsen og Jóhann Reynir meiddust.

**Akureyri - Grótta 21-27**
Markahæstir: Brynjar Hólm Grétarsson 5 - Júlíus Þórir Stefánsson 8.
Enn er KA-heimilið lítið að gefa norðanmönnum. Frábær sigur hjá nýliðunum. Júlíus Þórir skoraði átta mörk úr níu skotum.

**ÍR - Fram 27-28**
Markahæstir: Sturla Ásgeirsson 11/4 - Þorgrímur Smári Ólafsson 6.
Eftir tvö töp í röð eru Framarar nú búnir að vinna tvo leiki í röð og komust með sigrinum upp að hlið ÍR í töflunni.

**Afturelding - Haukar 24-23**
Markahæstir: Böðvar Páll Ásgeirsson 7 - Janus Daði Smárason 8/2.
Afturelding var mest fimm mörkum yfir í seinni hálfleik en Birkir Benediktsson tryggði heimamönnum sigur með síðasta skoti leiksins.

**FH - Valur 19-29**
Markahæstir: Theodór Ingi Pálmason 7 - Orri Freyr Gíslason 6.
FH skoraði aðeins sex mörk í fyrri hálfleik og var mest tólf mörkum undir í þeim síðari. Valsmenn líta mjög vel út og eru komnir á toppinn eftir þennan flotta sigur.

| Efri hlutinn | | Neðri hlutinn | |
|---|---|---|---|
| Valur | 14 | ÍR | 8 |
| ÍBV | 12 | FH | 6 |
| Haukar | 12 | Grótta | 4 |
| UMFA | 10 | Akureyri | 4 |
| Fram | 8 | Víkingur | 2 |

**Ísland verður að halda fast í að vera „underdog“ í flestum leikjum þó við séum á leið á EM. Ekki spila okkur stærri en við erum. #underdog**

Hörður Magnússon
@HoddiMagnusson

**FLEIRI NÝLIÐAR EN ÍSLAND**
Slóvakar tryggðu sér farseðilinn á Evrópumótið í fótbolta í gærkvöldi með 4-2 sigri á Lúxemborg. Slóvakía spilar því í lokakeppni EM í fyrsta sinn í sögu þjóðarinnar líkt og Ísland. Það verða reyndar fleiri nýliðar á staðnum því áður voru bæði Albanir og Norður-Írar búnir að tryggja sér sæti á EM 2016 en þau verða einnig að keppa í lokakeppni Evrópumótsins í fyrsta sinn. Ísland verður því á meðal fjögurra nýliða í Frakklandi næsta sumar. Enn eru sex sæti laus á EM og ræðst á morgun hvaða lið komast beint til Frakklands og hverjir fara í umspil.

**ÞORSTEINN FÓR HEIM**
Þorsteinn Már Ragnarsson, framherji KR í Pepsi-deild karla, yfirgaf Vesturbæinn í gær og samdi við uppeldisfélag sitt Víking í Ólafsvík sem spilar í deild þeirra bestu í annað sinn í sögunni á næstu leiktíð. Þorsteinn var eftirsóttur af mörgum félögum en ákvað að fara heim í Ólafsvík. Hann spilaði einnig með liðinu sem lánsmaður á síðustu leiktíð, en honum tókst aldrei að festa sér sæti í byrjunarliði KR.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.35 | Lettland - Kasakstan | Sport 4 HD |
| 18.35 | Holland - Tékkland | Sport HD |
| 18.35 | Ítalía - Noregur | Sport 3 HD |
| 21.45 | Tyrkland - Ísland | Sport HD (e) |

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



**Þarft verkefni**

**Edda Sigríður Freysteinsdóttir hlaut á dögunum styrk frá styrktarfélagi Göngum saman fyrir verkefni sitt Ættlægt brjóstakrabbamein og möguleg áhættugen.**

**SÍÐA 2**






# GENGUR ÞÉR ILLA AÐ LÉTTAST?

**GENGUR VEL KYNNIR** *Trim-it er ný bætiefnablanda sem inniheldur meðal annars kelp sem styður starfsemi skjaldkirtilsins. Hægur skjaldkirtill er þekkt vandamál og getur það einnig verið orsök þess að fólki gengur illa að léttast.*

Margir kannast við að hafa reynt allt til að léttast, jafnvel í áraraðir, án árangurs. Í þannig tilvikum getur vandamálið verið tengt skjaldkirtlinum. Hægur skjaldkirtill er vel þekkt vandamál og getur þyngdaraukning verið einn fylgikvilla hans, segir Hrönn Hjálmarsdóttir næringarráðgjafi hjá Gengur vel ehf.

Trim-it er flott blanda bætiefna þar sem engin óþekkt efni koma við sögu. Hún getur átt þátt í að bæta starfsemi skjaldkirtilsins. Hún hjálpar til við meltingu, brennslu og hreinsun á eiturefnum og getur hentað fólki sem vill hafa stjórn á þyngdinni.

**TRIM-IT BÆTIEFNABLANDAN INNIHELDUR:**

**Kelp**, eða brúnþörunga, sem eru mjög ríkir af joði. Joð getur bætt starfsemi skjaldkirtilsins en skjaldkirtillinn getur haft mikil áhrif á þyngdaraukningu ef hann starfar ekki sem skyldi.

**Epladedik** – er þekkt sem aldagamalt húsráð til að hreinsa líkamann af eiturefnum og styrkja meltinguna. Það styrkir nýrnastarfsemi, er öflugt gegn sýkingum og hjálpar til við eðlileg efnaskipti í líkamanum.

**Lesitín** – er fituefni sem myndast í lifrarfrumum en er einnig í heila og öðrum vefjum. Það er að finna í ýmsum fæðutegundum og vilja sumir meina að sá eiginleiki lesitíns, að leysa fituefni upp í vatni, auðveldi meltingu fitu.

**B6** – hjálpar líkamanum m.a. við niðurbrot próteina, kolvetna og fitu og getur þannig hjálpað til og/eða örvað brennslu.

**Hveitikím** – er m.a. gott fyrir ónæmiskerfið, hjarta- og æðakerfið og það inniheldur E-vítamín sem dregur úr líkum á blóðtappamyndun og getur hjálpað til við að lækka blóðþrýsting. Kelp, B6-vítamín og lesitín geta einnig hjálpað líkamanum að losna við umframvökva.

**SÖLUSTAÐIR**

**Hagkaup, Fjarðarkaup, Lyfja, Lyf og heilsa og Lyfsalinn.**






**VEL ÞEKKT VANDAMÁL**
Hægur skjaldkirtill er vel þekkt vandamál. Þyngdaraukning getur að sögn Hrannar Hjálmarsdóttur, næringarfræðings hjá Gengur vel, verið meðal fylgikvilla.

**HREINSANDI**
Aldagamalt húsráð er að nota eplaedik til að hreinsa líkamann af eiturefnum og styrkja meltinguna.







# ÖÐRUVÍSI LÍF

**Upplifun, reynsla og lærdómur aðstandenda geðsjúkra Gullteigur, Grand Hótel 14. október 2015.**

**Fundarstjóri Erla Hlynsdóttir fjölmiðlakona.**



***Þátttakendur eru vinsamlega beðnir um að skrá sig á málþingið með því að senda tölvupóst með nafni og kennitölu þátttakanda og nafni og kennitölu greiðanda ef annar aðili en þátttakandi er greiðandi á verkefnisstjori@gedhjalp.is.***

***Aðgangseyrir kr. 2.000, frítt fyrir félaga í Geðhjálp.***

***Hægt er að skrá sig í Geðhjálp á www.gedhjalp.is.***

**Gullteigur, Grand Hótel 14. október 2015**

| | |
|---|---|
| **13.00 – 13.15** | **Ljóð**<br>Einar Már Guðmundsson, rithöfundur, les upp ljóð í minningu Pálma, bróður síns. |
| **13.15 – 13.30** | **Inngangur**<br>Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar. |
| **13.30 – 13.50** | ***Reynsla aðstandenda af alvarlegum geðsjúkdómum***<br>Knútur Birgisson, fótlunarfræðingur. |
| **13.50 – 14.05** | ***Með hjálp frá Virginíu Woolf***<br>Styrmir Gunnarsson, maki. |
| **14.05– 14.25** | ***Lifað með harminum***<br>Einar Zeppelin Hildarson (Zeppi), sonur. |
| **14.25 – 14.40** | ***Litla systir.***<br>Erla Kristinsdóttir, systir. |
| **14.40– 14.55** | ***KAFFIHLÉ*** |
| **14.55– 15.10** | ***Rússíbaninn sem alrei stoppar***<br>Helga Björg Dagbjartsdóttir, móðir. |
| **15.10 – 15.30** | ***Sætaskipti – lærdómur móður og fagmanns.***<br>Ragnheiður Eiríksdóttir, móðir/hjúkrunarfræðingur. |
| **15.30– 15.45** | ***Samantekt***<br>Hrannar Jónsson, formaður Geðhjálpar. |

GEÐHJÁLP

# MÖGULEGT ÁHÆTTUGEN

**RANNSÓKN** *Náttúrufræðingur á Landspítala kannar nú frekar stökkbreytingu á geni sem getur mögulega skipt máli við myndun brjóstakrabbameins.*

Edda Sigríður Freysteinsdóttir, náttúrufræðingur á Landspítala, hlaut á dögunum styrk frá styrktarfélagi Göngum saman fyrir verkefni sitt Ættlægt brjóstakrabbamein og möguleg áhættugen. Þar rannsakar hún eina íslenska fjölskyldu þar sem tíðni brjóstakrabbameins er há. „Ákveðinn hluti þeirra sem greinast með brjóstakrabbamein tilheyra fjölskyldum þar sem tíðni brjóstakrabbameins er há og krabbameinið er ættlægt. Í þannig fjölskyldum bendir allt til þess að þar séu einhverjir erfðaþættir sem valda brjóstakrabbameininu. Ég skoðaði eina íslenska brjóstakrabbameinsfjölskyldu og notaði háhraðaraðgreiningargögn þar sem búið var að raðgreina allt erfðamengið hjá einstaklingum úr þessari fjölskyldu. Markmið verkefnisins var að vinna úr þessum háhraðaraðgreiningargögnum og finna hvaða stökkbreytingar væru líklegar til að valda brjóstakrabbameininu í fjölskyldunni,“ útskýrir Edda.

Genin BRCA1 og BRCA2 hafa verið töluvert í umræðunni að undanförnu en stökkbreytingar í þeim genum geta aukið líkur á myndun brjóstakrabbameins. „Á Íslandi er aðallega þekkt ein stökkbreyting í geninu BRCA2. Ef fólk er með hana getur hættan á að greinast með brjóstakrabbamein einhvern tímann á ævinni orðið allt að 80%. Tíðni þessarar stökkbreytingar í BRCA2 er um 0,5 prósent í íslensku þýði almennt en hjá brjóstakrabbameinssjúklingum er tíðnin um sjö prósent.“



**FÉKK STYRK** Edda Sigríður Freysteinsdóttir, náttúrufræðingur á Landspítala, hlaut á dögunum styrk frá Göngum saman fyrir verkefni sitt, Ættlægt brjóstakrabbamein og möguleg áhættugen. Þar rannsakar hún eina íslenska fjölskyldu þar sem tíðni brjóstakrabbameins er há. MYND/VILHELM

### EKKI BRCA-STÖKKBREYTINGAR

Rannsókn Eddu gengur út á að kanna fjölskyldu sem ekki er með stökkbreytingar í genunum BRCA1 eða BRCA2. Hún reynir að finna út hvað veldur því að það sé svo mikið brjóstakrabbamein í fjölskyldunni, hvort það séu einhverjar stökkbreytingar í öðrum genum sem gætu skýrt það. „Í þessari fjölskyldu virðist brjóstakrabbameinið ættgengt en það er ekki hægt að útiloka að umhverfisþættir eða lifnaðarhættir spili þar inn í. Ef mörg brjóstakrabbameinstilfelli koma upp í sömu fjölskyldunni er afar ólíklegt að það sé tilviljun og líklegast að það séu einhverjir erfðaþættir sem orsaka það. Við veljum fjölskyldurnar sem við rannsökum út frá því að hægt sé að segja með nokkurri vissu að það sé ættgengt,“ segir Edda.

### EIN STÖKKBREYTING LÍKLEG

Rannsóknin sem Edda fékk styrk fyrir er framhald á rannsókn hennar í meistaranámi í líf- og læknavísindum við Háskóla Íslands, Leit að brjóstakrabbameinsgenum í fjölskyldum án BRCA1/2-tengsla. „Í þeirri rannsókn fann ég eina stökkbreytingu sem mig langar að skoða nánar. Breytingin virðist vera tvöfalt algengari í hópi brjóstakrabbameinssjúklinga en í almennu þýði sem getur bent til þess að hún skipti mögulega máli við myndun brjóstakrabbameins.“

Áhrif þessarar stökkbreytingar á enn eftir að skýra. „BRCA2-stökkbreytingin hefur áhrif í DNA-viðgerðarferlum. Ef það koma skemmdir í DNA-inu og BRCA2 er óvirkt vegna stökkbreytingar er ekki gert við DNA-ið á réttan hátt og það eykur líkur á að krabbamein þróist. Við erum ekki búin að ná að skýra hvernig þessi stökkbreyting í minni rannsókn hefur áhrif á myndun brjóstakrabbameins. Það er það sem verkefnið sem ég fékk styrk fyrir snýst um en ég vona að innan árs geti einhverjar niðurstöður litið dagsins ljós,“ lýsir hún.

Edda vonast til að hægt verði að birta niðurstöður rannsóknarinnar svo þær verði aðgengilegar fyrir aðra vísindamenn. Einnig að hægt verði að nota þær við erfðaráðgjöf eins og gert er með BRCA-stökkbreytingar sem sumar hverjar eru þekktar fyrir að valda mikilli áhættuaukningu á brjóstakrabbameini. „Hjá þeim sem eiga á hættu að vera með stökkbreytingu í genunum BRCA1 eða BRCA2 er skimað fyrir stökkbreytingunni og þeim svo veitt ráðgjöf og meira eftirlit. Sumar konur taka þá ákvörðun í framhaldinu að láta fjarlægja brjóstin.“

### KARLMENN MEÐ BRJÓSTAKRABBAMEIN

Karlmenn geta líka borið stökkbreytingar í genunum BRCA1/2 og öðrum genum og geta þar af leiðandi borið þær til barna sinna. Einnig geta slíkar stökkbreytingar aukið líkur á að þeir sjálfir fái brjóstakrabbamein en það er ekki á allra vitorði að karlmenn fái brjóstakrabbamein. „Brjóstvefurinn er minni hjá karlmönnum en konum þannig að það er ein ástæða fyrir því að brjóstakrabbamein er óalgengara hjá þeim. Á móti hundrað konum sem greinast er einn karlmaður sem greinist. Hjá þeim sem bera stökkbreytingu í BRCA2-geninu er hins vegar aukin áhætta á að þeir greinist sjálfir með brjóstakrabbamein og þeir geta líka borið stökkbreytinguna til barna sinna,“ segir Edda. ■ liljabjork@365.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**










HEILL HELLINGUR AF
**NÝJUM ÞÁTTUM Á STÖÐ 3**

3

**FÁÐU STÖÐ 3 Á BETRA VERÐI Í HAUST**

Það verður boðið upp á margt nýtt og spennandi á Stöð 3 í vetur. Á dagskrá verður fjöldi nýrra spennu- og grínþátta sem enginn má missa af. **Vertu með okkur í vetur, þú finnur örugglega þætti við þitt hæfi á Stöð 3.**

STÖÐ 3
+ENDALAUST TAL
+1 GB Í GSM
**1.990 kr.**
til 1. nóvember*

**14**
NÝIR ÞÆTTIR
Í VETUR

*Gildir fyrir eina áskrift. Viðskiptavinir sem taka þessu tilboði fyrir 1. nóvember halda þessum kjörum í eitt ár.

Fáðu þér áskrift í síma 1817 eða á 365.is

365

# VETRARDEKK

ÞRIÐJUDAGUR 13. OKTÓBER 2015
Kynningarblað Ökukennsla, endurvinnsla, endurnýting og fróðleikur.



# Kurluð dekkin urðuð

Skylt er að skila notuðum dekkjum til endurvinnslu. Stærstur hluti þeirra er endurnotaður sem byggingarefni á urðunarstað.

Stærstur hluti allra hjólbarða sem fellur til sem úrgangur á Íslandi er endurnotaður sem byggingarefni á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Kurluð dekkin eru notuð í drenlag fyrir vatn eða þekjuefni í tengslum við rásir vegna gassöfnunar.

„Hringrás tekur á móti og safnar dekkjum til endurvinnslu. Hjá okkur eru dekkin tætt niður í gróft kurl í samræmi við kröfur Sorpu og þeim er svo ekið á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. Til þess að tæta dekkin eru notaðir stórtækir tætarar en dekk eru eitt erfiðasta efnið að tæta vegna þess hve seigt er í þeim og vegna dekkjavírsins sem er gríðarlega harður,“ segir Ásmundur Einarsson, umhverfis- og gæðastjóri hjá Hringrás.



Nokkrar leiðir hafa verið farnar hér á landi til að endurnýta hjólbarða.

Samkvæmt Ásmundi þá skila flest dekkjaverkstæði höfuðborgarsvæðisins, Gámaþjónustan og mörg sveitarfélög ónýtum dekkjum til Hringrásar en Hringrás býður upp á gáma og akstur fyrir fyrirtæki sem eru stórtæk í söfnun dekkja eins og stór dekkjaverkstæði.

Dekkjum má skila af sér endurgjaldslaust þar sem úrvinnslugjald er lagt á hjólbarða sem fluttir eru til landsins hvort sem þeir eru nýir eða sólaðir, stakir eða sem hluti af ökutækjum. Þetta kemur fram á vef Úrvinnslusjóðs. Úrvinnslugjaldið er notað til að greiða fyrir meðhöndlun hjólbarða, förgun eða endurnýtingu eftir að notkun á þeim lýkur. Einstaklingar og fyrirtæki geta því skilað hjólbörðum til móttöku- eða söfnunarstöðva án þess að greiða sérstakt gjald fyrir meðhöndlun og förgun þeirra.



Ásmundur Einarsson

### Aðrar endurvinnsluleiðir

Nokkrar leiðir hafa verið farnar hér á landi á undanförnum árum til að endurnýta hjólbarða. Meðal annars hafa hafnir landsins endurnýtt þá sem árekstrarvarnir á bryggjur. Kalka, Sorpeyðingarstöð Suðurnesja, notar hjólbarða sem eldsneyti í brennslu, það er nýtir þá sem orku. Gúmmívinnslan endurvinnur dekk þannig að bæði eru framleiddir sólaðir hjólbarðar undir stórar bifreiðar og einnig er kurlið sem fellur til við þá framleiðslu notað í að búa til gúmmímottur og íhluti í veiðarfæri ásamt fleiru.

„Hringrás framleiddi í nokkur ár hreint dekkjakurl sem notað var meðal annars í nokkrar litlar reiðhallir hér á landi sem undirlag. Mest allt kurlið var þó selt til Englands þar sem kurlið var litað með hreinu náttúrulegu gúmmíi og notað meðal annars sem leikvallamöl,“ segir Ásmundur.



Hjá Hringrás eru dekkin tætt niður í gróft kurl í samræmi við kröfur Sorpu og þeim svo ekið á urðunarstað Sorpu í Álfsnesi. MYNDIR/ANTON BRINK

Sú endurnotkun á dekkjum sem kannski er þekktust er að nota fíntætt dekkjakurl á gervigrasvelli. Allt það efni sem notað er þannig er innflutt efni. Hlaupabrautir eða svokallað tartan er einnig búið til úr dekkjakurli sem og gúmmíyfirborð leikvalla og sundlauga.

### Endurvinnsla um víða veröld

Um víða veröld reyna menn að finna góðar endurvinnsluaðferðir fyrir hjólbarða. Nefna má tilraunir til að „bræða“ dekkin niður og vinna járn, olíu, gas og kolefni úr þeim. Sú aðferð kallast á ensku pyrolysis.

Í Bandaríkjunum er dekkjakurl notað sem byggingarefni í vegaframkvæmdum á ýmsan hátt; allt frá því að byggja vegi upp með dekkjakurli yfir í að blanda gúmmíinu í malbik. Þá er vel þekkt að nota gúmmí úr hjólbörðum í stað kola í orkuverum, stálframleiðslu og sementframleiðslu.


www.n1.is facebook.com/enneinn




## Michelin er dekkið í vetur



Hljóðlát gæði

**Michelin X-Ice**
vetrardekk með
góðu gripi.



Góð ending

**Michelin X-Ice North**
er öruggt á ísnum
og traust vetrardekk.



Öruggt grip

**Michelin Alpin A5**
er naglalaust og endist
þér aukavetur.

Hjólbarðaþjónusta N1

Bíldshöfða 440-1318
Fellsmúla 440-1322
Réttarhálsi 440-1326
Ægisíðu 440-1320

Langatanga Mosfellsbæ 440-1378
Reykjavíkurvegi Hafnarfirði 440-1374
Grænásbraut Reykjanesbæ 440-1372
Dalbraut Akranesi 440-1394

Opið
mán – fös kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13
www.dekk.is

N1

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

# VIÐ ERUM SANNFÆRÐ

## ...OG NOTUM HARÐKORNADEKKIN FRÁ GREEN DIAMOND



„Fyrir tveimur árum settum við Green Diamond Harðkornadekk undir forgangsbifreiðina okkar. Það er samdóma álit þeirra sem keyrt hafa bifreiðina að dekkin standist allar okkar kröfur um öryggi og mýkt við þau störf sem við sinnum. Dekkin eru hljóðlát og ekki sjálfgefið að dekk með þessa eiginleika séu á svo viðráðanlegu verði.“

*Borgþór Vignisson, formaður Björgunarfélagsins Eyvindur, Flúðum.*

**PANTIÐ Á:**
panta@hardkornadekk.is
☎ 611 7799
www.hardkornadekk.is

# FRÁBÆR MEÐMÆLI...

## frá traustum og kröfuhörðum viðskiptavinum segja allt sem segja þarf!

**GARÐABÆR**

„Ég er búinn að nota Harðkornadekkin í tvö ár á pickup bíl. Þetta eru ein þau bestu dekk sem ég hef notað. Bíllinn er rásfastari og um leið mýkri í akstri á Harðkornadekkjunum en á öðrum dekkjum sem ég hef notað. Ég mæli eindregið með Green Diamond Harðkornadekkjunum.“

*Sigurður Hafliðason forstöðumaður þjónustumiðstöðvar Garðabæjar.*

**isavia**

„Í stefnumiði Isavia er m.a. lögð áhersla á að lágmarka áhættu, stuðla að auknu öryggi og hafa umhverfismál í öndvegi. Það er því í góðu samræmi við stefnumið Isavia að hafa bifreiðar okkar á Green Diamond Harðkornadekkjum. Góð reynsla og hagstætt verð styður enn frekar þessa ákvörðun."

*Vilhjálmur Karl Karlsson sérfræðingur / Innkaupadeild.*

**ÖRYGGISMIÐSTÖÐIN**

„Hjá Öryggismiðstöðinni erum við með allan okkar bílaflota á heilsársdekkjum. Undanfarin ár höfum við notað Harðkornadekkin með iðnaðardemantinum og hafa þau reynst vel í hálku og snjó. Dekkin uppfylla okkar markmið um að vera umhverfisvæn og örugg. Getum því með góðri samvisku mælt með Green Diamond Harðkornadekkjum.

*Reynir Valbergsson frkvstj. fjármálasviðs.*

**HAFNARFJÖRÐUR**

„Hafnarfjarðarbær hefur markað sér skýra stefnu í umhverfismálum og viljum við forðast nagladekkjanotkun og stuðla þannig að minni svifryksmengun. Eftir góða reynslu af notkun Harðkornadekkja frá haustinu 2012 munum við áfram velja Green Diamond Harðkornadekk umfram önnur dekk.“

*Gunnar Guðnason umsjónarmaður tækja hjá Hafnarfjarðarbæ.*

**Jóhanna Lind Elíasdóttir**

„Ég hef ekið á Green Diamond Harðkornadekkjum í tvö ár og er svo ánægð að ekki kom annað til greina en að setja eins dekk undir bíl bóndans. Á ferðum mínum um landið hafa dekkin reynst mjög vel við allar aðstæður. Ekki skemmir fyrir að Green Diamond dekkin eru á mjög samkeppnishæfu verði.“

*Jóhanna Lind Elíasdóttir ráðgjafi hjá Ráðgjafamiðstöð landbúnaðarins*

RADAR.IS

**Í Harðkornadekkjum eru iðnaðardemantar sem...**

[Ath. iðnaðardemanta er ekki að finna í neinum öðrum „korna“ dekkjum á Íslandi.]

- stórauka veggrip í hálku
- má keyra á allt árið
- auka rásfestu
- valda hverfandi svifryki
- endast allan líftíma dekksins

VARIST EFTIRLÍKINGAR!

GREEN DIAMOND
HARÐKORNADEKK

# Liður í að fækka slysum

**Flestir ökumenn eru sammála um að akstur í hálku sé krefjandi og mörg umferðaróhöpp og slys má rekja til minna veggrips sökum hálku. Í ársbyrjun 2010 var Ökuskóli 3 stofnaður en markmið hans er að leyfa ökunemendum að prófa akstur í hálku og erfiðum aðstæðum. Námið hefur gefist vel og er að öllum líkindum einn liður í því að dregið hefur úr slysum hjá ungum ökumönnum.**

Þetta er fimm kennslustunda nám sem skiptist í þrjár bóklegar kennslustundir og tvær verklegar. Nemendur á hverju námskeiði eru tólf talsins. Við byrjum að fjalla um samspil veggrips, hraða og ökumanns og förum svo í skrikbílana úti á plani og gerum æfingar við mismunandi veggrip. Í hverjum bíl eru ökukennari og þrír nemendur sem skiptast á að keyra. Bílarnir eru þannig úr garði gerðir að hægt er að stýra veggripinu með því að stilla hversu þungt þeir liggja á götunni. Við erum því ekki bundin af því að hafa hálku á brautinni heldur getum kennt allan ársins hring,“ útskýrir Jón Haukur Edwald, framkvæmdastjóri Ökuskóla 3.

### Prófa áður en farið er út í umferðina

Nemendur gera svo ýmsar æfingar. „Þeir prófa meðal annars hvernig er að koma í beygju á miklum hraða með mismunandi veggrip og upplifa hvaða afleiðingar það hefur og hvernig á að bregðast við. Þetta er allt gert í öruggum aðstæðum og getur kennari gripið inn í og skellt bílnum í fullt veggrip ef þarf,“ útskýrir Jón Haukur.

Hann segir ekki endilega um að ræða færniþjálfun. „Markmiðið er ekki að nemendurnir verði ofboðslega góðir í að skransa í hálku heldur að þeir hafi lent í þessum aðstæðum áður en þeir fara út í umferðina og viti hvað ber að varast. Vonin er sú að þeir komi sér þá síður í hættulegar aðstæður.“

Í bílnum er svo farið yfir það hvað hafi gerst, af hverju, hvað hafa þurfi í huga og hvað sé hægt að gera betur. Nemendurnir ræða þessi mál með kennaranum og koma líka með sínar hugmyndir og lausnir. „Þetta er því líka eins konar jafningjafræðsla og hefur sú nálgun gefist vel.“

### Læra að aka í takt við aðstæður

Önnur æfing sem nemendur gera er að átta sig á mismunandi hemlunarvegalengd. „Við röðum upp plastkubbum í sömu lengd og strætisvagn. Nemendur eru svo látnir aka á 50 kílómetra hraða en byrja að hemla við aftari hluta strætisvagnsins. Á þeim hraða fer bíllinn fjórtán metra á hverri sekúndu og nemendurnir komast að raun um að bíllinn byrjar ekki að hægja á ferðinni fyrr en þeir eru komnir fram hjá strætisvagninum. Þetta á við um venjulegt veggrip. Hemlunarvegalengdin er svo mun lengri í hálku. Þeir sem aka á 30 kílómetra hraða myndu hins vegar ná að stöðva,“ útskýrir Jón Haukur. Hann segir æfinguna sýna nemendum hversu mikilvægt er að vera á varðbergi og keyra í takt við aðstæður.

Jón Haukur segir hraðann hafa mikið að segja en sömuleiðis yfirborð vegarins og veðrið. „Tíminn sem er að fara í hönd er til dæmis oft lúmskur enda getur skyndilega myndast frost á blautum vegum. Þá skipta góðir hjólbarðar miklu máli en við getum stillt mismunandi veggrip framan og aftan á bílinn. Þannig átta nemendur sig á því hvaða áhrif það hefur á akstureiginleika bílsins að vera á slitnum dekkjum að framan og góðum að aftan eða öfugt.“



Skrikbílarnir eru þannig úr garði gerðir að hægt er að stýra veggripinu með því að stilla hversu þungt þeir liggja á götunni. MYND/GVA

Í Ökuskóla 3 er líka veltibíll sem nemendur fá að prófa. „Þeir fara í hring og finna hvernig beltin grípa. Þeir fara sömuleiðis í svokallaðan beltissleða. Á honum eru tvö bílsæti með beltum og rennur hann á sex kílómetra hraða. Þegar hann snöggstöðvast finna nemendur það högg sem verður á hefðbundnum gönguhraða og geta þá ímyndað sér hvernig það er á meiri hraða. Svo erum við með sleða sem undirstrikar hversu mikilvægt er að hafa rétt stillta hauspúða og hvaða afleiðingar það hefur ef þeir eru of lágt stilltir sem er því miður mjög algengt í umferðinni. Sömuleiðis að fólk sé með skakkt stillt sæti en þessi atriði geta skipt sköpum þegar um aftanákeyrslur er að ræða.“

### Athygli við akstur og lausamunir

Í bóklega hlutanum er að sögn Jóns Hauks farið yfir það hvað hægt er að gera til að draga úr afleiðingum ef ekki tekst að afstýra óhappi. „Þar fjöllum við um rétta notkun bílbelta. Sömuleiðis athygli ökumanna og þá sérstaklega um notkun farsíma við akstur, sem er síaukið vandamál. Við förum líka yfir hætturnar sem fylgja lausamunum í farþegarými svo dæmi séu nefnd en þess má geta að 100 gramma farsími sem liggur laus í bíl gefur 12 kílóa högg á 90 kílómetra hraða,“ upplýsir Jón Haukur.

Hann segir flesta nemendur hafa gaman af náminu í Ökuskóla 3 og að það gagnist þeim vel. „Ökunám á Íslandi er mjög gott ef við berum okkur saman við önnur Evrópulönd og ekki veitir af enda akstursaðstæður oft krefjandi. Það hafa líka verið gerðar ýmsar umbætur á ökunáminu síðustu áratugi og er Ökuskóli 3 nýjasta viðbótin en allt á það án efa þátt í því að umferðaróhöppum hjá ungum ökumönnum hefur fækkað.“

Þótt Ökuskóli 3 sé fyrst og fremst sóttur af ökunemendum segir Jón Haukur ekkert því til fyrirstöðu að einstaklingar og hópar taki sig saman og prófi með það að markmiði að auka færni sína í umferðinni.






## *Vetrardekk eða heilsársdekk?*

Margir leysa geymsluvesen og umfelganir sem fylgja skiptum milli vetrar- og sumardekkja með því að aka um á heilsársdekkjum. En hver er munurinn á vetrardekkjum og heilsársdekkjum?

Á vetrardekkjum er mjúk gúmmíblanda á slitfleti dekkjanna sem grípur vel í ísilagða vegi og snjó. Blandan helst mjúk þrátt fyrir kulda og frost svo dekkin halda veggripi allan veturinn. Í hlýrra veðurfari eins og á sumrin verður gúmmíið þó of mjúkt og bíllinn verður óþjáll í akstri. Því er nauðsynlegt að skipta yfir í sumardekk.

Heilsársdekk eru yfirleitt grófmunstruð sumardekk. Þau hafa því ekki jafngott grip í frosti þar sem gúmmíblandan í þeim er ekki mjúk. Heilsársdekk geta orðið glerhörð í frosti og taka þarf tillit til þess í akstri.

Meta þarf hvers konar akstursaðstæður eru ríkjandi á því svæði sem ekið er um daglega þegar velja á dekk undir bílinn. Nagladekk má ekki nota frá 15. apríl til 1. nóvember.

*Heimild: fib.is*


BÍLA & DEKKJAVIÐGERÐIR
SMÁPARTAR.IS
FOSSALEYNIR 16 - 112 REYKJAVÍK - S: 567 5040 & 778 5040
Partasala - Bílaverkstæði - Dekkjaverkstæði
Tökum að okkur allar almennar bílaviðgerðir.
Einnig eigum við mikið úrval af nýjum dekkjum á frábæru verði.
Opnunartími:
Mán - Fim 08-18 - Fös 08-16


WEST LAKE®
HARÐKORNADEKK
DEKKVERK
Nýbýlavegur 2 Kópavogi & Lyngás 20 Garðabæ
Sími: 578 7474 www.dekkverk.is
OPIÐ ALLA DAGA 10-19

# Gömlu hjólbarðarnir fá ný og skemmtileg hlutverk

Á undanförnum árum hafa gömlu hjólbarðarnir verið endurnýttir á ýmsa vegu. Hvort sem um er að ræða húsgögn eða garðvörur, leikföng eða fallegan tískuvarning er ljóst að gamla dekkið er komið til að vera sem spennandi hráefni til margs konar sköpunar.

Stór hluti gamalla hjólbarða sem nýtast ekki lengur undir bílinn er endurnýttur. Annars vegar er hluti þeirra endurnýttur til framleiðslu nýrra hjólbarða en ekki síður nýtast gömul dekk í alls kyns hluti á borð við undirlag á leikvelli og sundlaugarbakka, í ýmis leiktæki eða jafnvel fallegan tískuvarning.

Hér á landi hefur endurnýting gamalla dekkja helst sést í dekkjarólum á leikvöllum auk þess sem þau hafa nýst í höfnum landsins og sem undirstöður undir skilti.

Víða erlendis er þróunin þó mun lengra á veg komin þegar kemur að endurnýtingu og endurvinnslu gamalla hjólbarða.

Hjólbarðar eru t.d. víða nýttir í görðum erlendis, bæði á heimilum og í almenningsgörðum. Þar er þeim til dæmis staflað saman og þeir nýttir sem blómapottar og trjábeð eða jafnvel hengdir upp á útvegg í sama tilgangi. Einnig kemur oft vel út að hengja hálfa hjólbarða upp í loft, fylla þá af mold og gróðursetja blóm þar.

Séu hjólbarðarnir líka málaðir í björtum litum geta þeir sett mjög skemmtilegan svip á garðinn.



### Margir möguleikar

Með traustri viðarplötu er einnig auðvelt að útbúa bekk í garðinn en þá eru tvö dekk grafin hálf ofan í jörðu og platan fest á milli þeirra. Einföld, ódýr og þægileg lausn.

Úr nokkrum gömlum hjólbörðum má líka búa til hjólagrindur auk þess sem eldri dekk nýtast líka í ýmis útilistaverk en mörg slík má sjá í almenningsgörðum víða í Evrópu og í Bandaríkjunum.

Þegar kemur að leiktækjum eru notkunarmöguleikar dekksins miklir utan gömlu góðu rólunnar. Úr þeim er t.d. hægt að útbúa ýmis skemmtileg dýr á borð við snigla, bjöllur og slöngur með hjálp smá málningar.



Lögun dekkja gerir það að verkum að þau eru fyrirtaks undirstaða fyrir borð, hvort sem um er að ræða lítil borð eða stærri borð sem standa með stólum. Þá er einfaldlega gler eða falleg tréplata sett ofan á dekkið og smekklegum borðfótum jafnvel bætt undir. Á ýmsum heimilum má einnig finna skemmtilega húsmuni úr dekkjum á borð við skálar og blómavasa sem setja skemmtilegan svip á umhverfið.

### Spennandi tískuvörur

Tískuhönnuðir hafa einnig um nokkra hríð prófað sig áfram með endurnýtingu dekkja. Ýmiss konar inniskór og sandalar auk götuskóa og stígvéla eru til sem gerð eru að stærstum hluta úr gömlum dekkjum. Margs konar skartgripir hafa einnig litið dagsins ljós undanfarin ár þar sem dekk spila stórt hlutverk, t.d. hringar, hálsmen og eyrnalokkar.



Það er því ljóst að gömul dekk er hægt að nýta á ýmsa vegu og líklega eiga þau eftir að verða algengara hráefni í margs konar vörum á næstu árum.



Garðurinn fær nýtt útlit með litfögrum dekkjum sem búið er að breyta í blómaker.



Gamalt dekk í nýjum búningi.




| VERÐDÆMI DEKKJASTÆRÐ | verð frá pr. stk.* | neglt |
|---|---|---|
| 175/70R13 | 7.818,- | 9.818,- |
| 175/65R14 | 7.864,- | 9.864,- |
| 185/65R14 | 9.158,- | 11.158,- |
| 185/65R15 | 9.767,- | 11.767,- |
| 195/65R15 | 9.901,- | 11.901,- |
| 205/70R15 | 11.672,- | 14.172,- |
| 205/55R16 | 11.343,- | 13.343,- |
| 215/65R16 | 13.713,- | 16.213,- |
| 235/65R17 | 19.757,- | 22.257,- |
| 265/70R17 | 23.522,- | 26.022,- |

*staðgreiðsluverð


Það er vetur, ekki sumar.
Gæða vetrardekk sem þú getur
treyst í íslenskri vetrarfærð.
Spurðu um gæði,
spurðu um GOODYEAR.
GOODYEAR

# Bílbelti fyrir hunda

Það er truflandi fyrir ökumann að hafa hund lausan í bílnum, beinlínis hættulegt. Hundurinn á ekki að hanga út um gluggann, klifra yfir farþega eða bílstjórann þegar bíllinn er á ferð. Til eru vönduð bílbelti fyrir hunda sem allir hundaeigendur ættu að eiga. Það tryggir öryggi allra í bílnum. Flestar gæludýrabúðir selja bílbelti en einnig er hægt að skoða þau á erlendum netverslunum. Beltin eiga að vera vönduð, enda eiga þau að koma í veg fyrir meiðsl á hundinum ef bíllinn lendir í árekstri. Það er því ekkert öðruvísi að velja bílbelti fyrir hund eða barnabílstól. Öryggið á að vera í fyrirrúmi og hundinum á að líða vel með beltið.





## VEGALENGDIR

**Á heimasíðu** Vegagerðarinnar, vegagerd.is, eru birtar töflur yfir leiðir frá ýmsum stöðum á landinu. Brottfararstaðir frá einstökum landshlutum eru valdir og síðan er hægt að finna út hversu langt þarf að aka á ákveðna staði á landinu. Yfir tvö hundruð staðir eru í boði. Með því að smella á vegalengd í töflunni má sjá sundurliðun leiðar á vegi/vegnúmer. Þetta getur verið mjög þægilegt fyrir þá sem þurfa að vera komnir á einhvern stað á ákveðnum tíma. Einnig má sjá á töflunni helstu kennileiti á þessari ákveðnu leið. Ef farið er vesturleiðina til Akureyrar er ekið um Hvalfjarðargöng, yfir Borgarfjarðarbrú, Holtavörðuheiði, Vatnsskarð og Öxnadalsheiði á leiðinni frá Reykjavík.



## ÁSTAND ATHUGAÐ

**Mikilvægt er** að kanna ástand dekkja reglulega svo fyllsta öryggis sé gætt enda dekkin það eini hluti ökutækisins sem snertir jörð. Fylgjast þarf með sliti í munstri en veggrip dekkjanna minnkar þegar munstrið eyðist upp. Slétt dekk bjóða hættunni heim. Dýpt mynsturraufa í dekkjum má ekki vera minni en 1,6 mm.

Loftþrýstingur í dekkjum hefur einnig áhrif á snertiflöt dekkja og veggrip og má hvorki vera of lítill, of mikill né mismunandi milli dekkja undir bílnum. Sami þrýstingur þarf að vera í báðum framdekkjum og sami þrýstingur í báðum afturdekkjum. Það fer eftir tegund dekkja hversu mikill þrýstingurinn á að vera. Upplýsingar um réttan loftþrýsting fyrir þá tegund dekkja sem um ræðir er að finna í handbók bílsins. Ef ekki ætti að leita aðstoðar starfsfólks á dekkjaverkstæði eða á skoðunarstöð. Öll dekkin þurfa að vera sömu gerðar undir bílum sem eru 3.500 kg eða minna.

*Heimild fib.is*





**Fáðu 20% afslátt af NOKIAN dekkjum og styrktu Bleiku slaufuna um leið**

**Veldu margverðlaunuð finnsk gæðadekk sem eru sérstaklega hönnuð fyrir krefjandi aðstæður norðlægra slóða**

MAX1 býður 20% afslátt af hágæða Nokian dekkjum og hluti söluágóða rennur til Krabbameinsfélagsins

- ein öruggustu dekk sem völ er á
- ítrekað valin bestu dekkin í gæðakönnunum
- breitt úrval nagla-, vetrar- og heilsársdekkja
- eigum dekk fyrir fólksbíla, jeppa og sendibíla

**SENDUM UM ALLT LAND**
**Flutningur með Flytjanda**
**500 kr. hvert dekk**

**Skoðaðu dekkjaleitarvélina á MAX1.is**

Bíldshöfða 5a, Reykjavík
Jafnaseli 6, Reykjavík
Dalshrauni 5, Hafnarfirði
*(Knarrarvogi 2, Reykjavík Ath. ekki dekkjaþjónusta)*

Opið:
Virka daga kl. 8-17
Laugardaga: sjá MAX1.is

Aðalnúmer:
515 7190

MAX1 BÍLAVAKTIN

## BÍLAR & FARARTÆKI



VW Caddy sendibíll camper bíllx2. Árgerð 2005, ekinn 226 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 790.000. Rnr.262621. Á staðnum.



TOYOTA Rav4. Árgerð 2003, ekinn 220 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 690.000. Rnr.106759. Á staðnum.

**Bílasalan Planið**
**Korputorgi, Reykjavík**
**Sími: 517 0000**
**Opið 10-18. Lau 12-16**
**www.planid.is**

**PARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**



MERCEDES-BENZ E 220 CDI. Árgerð 2014, ekinn 12 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 7.990.000. Rnr.991334.



Kia Rio EX 1.4. Árgerð 2014, ekinn 11 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Verð 2.750.000. Rnr.991462 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð..



HONDA Accord. Árgerð 2013, ekinn 37 Þ.KM, bensín, 6 gírar. Verð 2.990.000. Rnr.161391.



AUDI A4 avant. Árgerð 2013, ekinn 36 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.950.000. Rnr.210580.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**



Toyota Yaris Hybrid - Nýir bílar Árgerðir 2015. Eigum til bíla á lager. Vetrardekk fylgja með í kaupbæti. Verð aðeins 2.890.000kr. Raðnr 157741. Sjá nánar á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**http://www.stora.is**

## Bílar til sölu



**DISEL TILBOÐ 295 ÞÚS.**

Nissan Terrano árg 2000, ek. 215 þús. Ssk, krókur. Sko '16, Verð 295 þús. Uppl. í s. 891 9847

**ÓDÝRIR DÍSELBÍLAR**

Skoda Octavia, Skoda Fabia, Partner, Berlingo, R. Clio, R. Megane, og fleiri Nánar á Facebook: Ódýrir Díselbílar Sími: 534-0000

## 250-499 þús.



**AYGO SPARIBAUKUR - TILBOÐ**

TOYOTA AYGO árg 2006 ek.163 þús, sk.16, beinskiptur, mjög sparneytinn 'ásett verð 690 þús TILBOÐ 490 ÞÚS smá beygla á frambretti möguleiki á 100% vísaláni í 36 man s.841 8955

## Bílar óskast

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ MILLJÓN STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 1.000.000. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/ eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
**Má þarfnast lagfæringa.**
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

## Sendibílar

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hópferðabílar



10 manna, VW Caravella, Hópferðaleyfi, Árg. 2000, V. 1.290Þ, ek. 339Þ, góð s/v s. 894 5265

## Hjólbarðar



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**JAPANSKAR VÉLAR EHF. BÍLAPARTASALA**

Erum að rífa flestar teg. frá asíu og evrópu árg. '99-13. Kaupum flestar teg. bíla. Opið 8-18 virka Dalshraun 26, 220 hfj. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is

## ÞJÓNUSTA

## Garðyrkja

Öll almenn garðvinna. Halldór garðyrkjum. Sími 6981215

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**

Alhliða málningarþjónusta. Sími 776-0000

Inni og úti málun, sprungu og múrviðgerðir. Vönduð vinna, snyrtimennska. S. 787 4594 & 691 3249

**REGNBOGALITIR**

Málningarþjónusta, vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. Sími 891 9890 malarar@simnet.is

**INNIMÁLUN**

Get bætt við mig verkum innandyra í vetur. Vönduð vinnubrögð, fag og snyrtimennska í fyrirrúmi. Ágúst S.G Málarameistari S: 699-4464 og 695-4464. asgmalun@gmail.com




## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald







Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Húsasmíðameistari getur bætt við sig verkefnum, nýsmíði, viðgerðir og viðhald. Uppl. í s. 858 3300

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

**Tímapantanir í síma 864-1273**

# KEYPT & SELT

## Til sölu




Ungnautakjöt beint frá býli. Nýjung minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204.




4 hvítar innihurðir til sölu. Uppl. í s. 553 2171

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

## Verslun




**NÝ SENDING KOMIN!**

WE-VIBE IV - Unaðstæki ársins fyrir þör mörg ár í röð. Viamax fullnægingarkremið sem virkar, 50 Shades of Grey vörurnar og allt það vinsælasta í dag. Millifærsla, greiðslukort og netgíró.Sendum um allt land www.hush.is

# HEILSA

## Nudd

Heilnudd. Nuddstofan svæði 112. Uppl. S: 823 5669 eða 693 0348

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

## Sumarbústaðir






**25 FERMETRA SUMARHÚS**

Í smíðum, selst fokhelt og fullbúið að utan. Upplýsingar í síma 6152500. Haustilboð.

## Atvinnuhúsnæði

**GÓÐ FJÁRFESTING**

Til sölu mjög góð 50 m2 atvinnubil í Steinhellu 14, Hfn. Góð lán - auðveld kaup. Verð frá: 9,9 m S: 661-6800

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**

Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**

Upphitað og vaktað geymslurými. Verð frá 2900kr.mán. SÆKJUM OG SENDUM. S: 615-5005

**GEYMSLUR.COM**

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

# ATVINNA

## Atvinna í boði

BÆJAR BAKARÍ

Bakara eða bakaranema vantar á samning. Umsóknir sendist á: bakari@bakari.is eða Uppl. í s. 555 0480 Jón Karl

**LEBOWSKI BAR**

Óskar eftir að ráða fólk í sal í kvöld og helgarvinnu í vetur. Hentar mjög vel fyrir skólafólk. Einnig vantar okkur vana barþjóna á helgarvaktir. Aldurstakmark er 20 ára.

**Umsóknir ásamt mynd sendist á info@lebowskibar.is**

**KAFFIHÚSIÐ TÍU DROPAR**

óskar eftir duglegum starfsmanni í eldhús. Í boði er hlutastarf sem hentar mjög vel með skóla. Góð laun í boði fyrir réttan aðila. Þarf að hafa náð 20 ára aldri.

**Allar upplýsingar og ferilskrá sendist á 10dropar@gmail.com**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Skyndikynni á símatorgi. 100% leynd. RaudaTorgid.is



**sauna.is**

**Fjárfesting í vellíðan**

ÁRBORGIR

Þorsteinn Magnússon Lögg. fast. S. 894 2045

Árni Hilmar Birgisson Sölufulltrúi S. 856 2300

**Austurvegi 6 - Sími 482 4800 - www.arborgir.is**

## Brautarás 12 - Reykjavík

**OPIÐ HÚS þriðjud. 13. okt. frá kl. 17:00-18:00**




Snyrtilegt og vel staðsett, fjölskylduvænt 217,1 fm raðhús á fjórum pöllum á þessum vinsæla stað í Seláshverfinu í Árbæ. Skjólsæll garður er að framan og aftan við hús. **Verð: 52.9 millj.**

**Þorsteinn Magnússon lögg. fasteignasali**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

## OPIN HÚS Í DAG

**Fannborg 5 - Kópavogi - 3ja – 4ra herbergja.**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Mjög góð 87,0 fm. íbúð á 1. hæð (íbúð 0204) með sérinngangi. Útgengt úr stofu á stórar suðursvalir sem eru yfirbyggðar að hluta. Íbúðin er skráð 3ja herbergja en búið er að útbúa þriðja svefnherbergið á kostnað stofu. Miklar innréttingar í eldhúsi. **Verð 25,9 millj. Stutt alla verslun og þjónustu. Tónlistarskóli, sundlaug og samgöngur í næsta nágrenni. Verið velkomin.**

**Neðstaleiti 5. Íbúð á efstu hæð – 5 herbergja.**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15 – 17.45**




Falleg 138,3 fm. íbúð, hæð og ris við Neðstaleiti. Stórar suður svalir með fallegu útsýni. Sérstæði í lokaðri bílageymslu fylgir íbúðinni. Rúmgott eldhús, sjónvarpshol, stofa og 3 herbergi. Möguleiki að útbúa herbergi í risi.Hús að utan er í góðu ástandi og falleg gróin lóð. Sameign mjög snyrtileg. **Verð 47,9 millj. Verið velkomin.**



**Reynsla mín er okkar beggja hagur**

**S. 690 0820**

Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
sveinn@landmark.is

LANDMARK FASTEIGNASALA

**SMIÐIR - VERKAMENN - MÚRARAR**

ERUM MEÐ VANA SMIÐI, VERKAMENN, MÚRARA OG PÍPARA SEM ERU KLÁRIR Í MIKLA VINNU.

**HANDAFL EHF s. 777 2 333**


B|L
ALLA VIRKA DAGA 18:55
ÍSLAND Í DAG
BEINT Á EFTIR FRÉTTUM
FJÖLBREYTTUR OG SKEMMTILEGUR DÆGURMÁLAÞÁTTUR
Í OPINNI DAGSKRÁ ALLA VIRKA DAGA
365.is | Sími 1817
365



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Sigurlína Jónsdóttir**

Dvalarheimilinu Hlíð, áður Lindasíðu 2, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsinu á Akureyri miðvikudaginn 7. október. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jón Símon Karlsson** **Jónína Ingibjörg Jóhannsdóttir**
**Gunnar Karlsson** **Björg Rafnsdóttir**
**Auður Snjólaug Karlsdóttir** **Gunnar Hallur Ingólfsson**
**Sigfús Arnar Karlsson** **Guðrún Rúnarsdóttir**
**Hannes Karl Hilmarsson** **Svanhvít Alfreðsdóttir**
**Ásta Lín Hilmarsdóttir** **Arngrímur Magnússon**
**ömmu- og langömmubörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Árnína Jónsdóttir (Erna)**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Keflavík þann 6. október sl. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 15. október kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Keflavíkurkirkju.

**Jón Kristinn Valdimarsson** **María Loftsdóttir**
**Margrét Lilja Valdimarsdóttir** **Karl Hermannsson**
**Þórður Gunnar Valdimarsson**
**Erna Valdís Valdimarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Óli Jón Ólason**

Grundarfirði,

lést miðvikudaginn 7. október á Landspítalanum við Hringbraut. Útför hans fer fram miðvikudaginn 14. október frá Áskirkju kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Steinunn Hansdóttir**
**Arnlín Þuríður Óladóttir** **Magnús Rafnsson**
**Óli Jón Ólason** **Guri Hilstad Ólason**
**Elín Sigríður Óladóttir** **Heimir Heimisson**
**Guðrún M.Ó. Steinunnardóttir** **Guðni Kristinsson**
**Þorsteinn Gísli Ólason** **Halla Björk Magnúsdóttir**
**Ágúst Ólason**
**Hrefna Rut Kristjánsdóttir** **Stefán Smári Kristófersson**
**Kristján Hreiðar Kristjánsson** **Lára Jakobsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



✝

Elsku mamma mín, unnusta, tengdamamma, dóttir, systir, mágkona og frænka,

**Elín Hanna Jónsdóttir**

hjúkrunarfræðingur, Bakkaseli 16,

lést þann 8. október 2015. Útför hennar fer fram frá Seljakirkju föstudaginn 16. október kl. 15.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á vinnustað hennar, geðdeild Landspítalans 33A. Reikningsnúmer 0162-05-263926, kt. 260875-4509. Jarðsett verður síðar í Svínavatnskirkjugarði.

**Berglind Hönnudóttir** **Baldur Þór Bjarnason**
**Sigurður Steinar Jónsson** **Jón Atli Sigurðsson**
**Jón Sigurgeirsson** **Ingibjörg Sigurvinsdóttir**
**Hildur Lilja Jónsdóttir** **Kristján Pétursson**
**Jón Sigurgeir Jónsson** **Tinna Halldórsdóttir**
**Svala Sigríður Jónsdóttir** **Svavar Birkisson**
**Róbert, Petrína Inga, Halldór Snær, Krista Guðrún, Sverrir Bjarki, Tóbías Þorri og Rakel Emma**



„Litli turninn var erfiðastur viðfangs," segir Ragnhildur sem hafði kirkjutröppurnar upprunalegar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Ætlar að lýsa upp kirkjuna

**Ragnhildur Þórðardóttir frá Grund í Svínadal er handlagin kona í meira lagi. Hún hefur nú útbúið líkan af hinni áttstrendu Auðkúlukirkju sem langafi hennar lét byggja.**

„Kirkjan er frumraun mín í módelsmíði," segir Ragnhildur Þórðardóttir um nákvæmt líkan sem hún hefur gert af Auðkúlukirkju í Svínadal sem vígð var 1894. Hvernig fór hún að því? „Ég fann nákvæma teikningu í bókinni Kirkjur Íslands og minnkaði hana. Svo sneið ég líkanið úr stífum pappa, eins og notaður er í bókarkápur, og klæddi það allt með litlu timbri, svo það liti út eins og upprunakirkjan."

Spýturnar kveðst Ragnhildur hafa sagað til svo að þær féllu rétt saman og pússað hverja og eina þannig að þær yrðu kúptar. „Þetta er mikið nákvæmnisverk," viðurkennir hún og nefnir meðal annars fínlegar súlur sem standa upp úr þakinu og litla krossa á þeim sem eru búnir til úr tannstönglum. „Það eina sem ég keypti voru kúlurnar sem eru undir krossunum. Það var mikill vandi að búa til efsta turninn. Heilmikið mál," segir hún og bætir við: „Ég get lyft þakinu upp og þegar fer að dimma meira í kringum mig ætla ég að hafa ljós inni í kirkjunni."

Ragnhildur er uppalin á Grund í Svínadal og hefur búið á Merkjalæk í sömu sveit frá 1978. Hún dvelur þó í Reykjavík að vetrinum og kynntist fyrst útskurði í Gerðubergi árið 2006 undir leiðsögn Einars Jónassonar sem einnig kennir líkanasmíði. Hún kveðst hafa gaman af hvorutveggja og öllu handverki enda hafi hún lengi prjónað og saumað, mótað keramik og málað postulín.

Auðkúlukirkja er sóknarkirkja Ragnhildar. „Séra Stefán M. Jónsson, fósturlangafi minn, lét byggja hana á eigin kostnað," segir Ragnhildur, „og enginn veit hvaðan hann fékk hugmyndina að útliti hennar." **gun@frettabladid.is**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigríðar Guðmundsdóttur**

Vonarlandi við Sogaveg.

**Guðmundur Ágúst Ingvarsson**
**Júlíus Vífill Ingvarsson**
**Júlía Guðrún Ingvarsdóttir**
**Áslaug Helga Ingvarsdóttir**
**Guðrún Ingvarsdóttir**
**Elísabet Ingvarsdóttir**
**Ingvar Ingvarsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**



Eiginkona mín, móðir okkar og amma,

**Riet Kristinsson-Reitsema**

arkitekt, Noordenbergsingel 9 7411se, Deventer, Hollandi,

lést á heimili sínu 25. september. Jarðarförin fór fram 1. október 2015 frá Grote Lebuïnus kirkju í Deventer.

**Jón Kristinsson**
**Rúloff og Miran**
**Kris og Marleen**
**Ika Maí og Geert-Jan**
**Ásta og Martijn**



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar okkar ástkæra

**Skúla Hlíðkvist Jóhannssonar**

kennara í Búðardal.

Sérstakar þakkir fær Vilhelmína Haraldsdóttir læknir og allt það frábæra starfsfólk á deildum 11G og 11E á Landspítalanum fyrir góða og alúðlega umönnun.

**Guðrún María Björnsdóttir og fjölskylda.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is**
eða hringja í síma 512 5000.

# SÚPUKJÖTSTILBOÐ!

*Í haustlægðunum er fátt betra en að sitja inni og njóta dýrindis kjötsúpu. Þú færð allt í súpuna á ótrúlegu verði í Iceland.*




Verð birt með fyrirvara um prentvillur og gildir á meðan birgðir endast. *2014 slátrun




**Borgaðu** með símanum á einfaldan og öruggan máta með Netgíró.
Við sendum þér reikning í netbankann og þú færð allt að **14 daga vaxtalausan greiðslufrest.**
Skráðu þig á **www.netgiro.is**

Netgíró
Betri leið til að borga

Úrval er breytilegt eftir verslunum. Allar vörurnar fást í Iceland, Engihjalla.

OPIÐ 24 TÍMA

OPIÐ ALLAN SÓLARHRINGINN
ICELAND, ENGIHJALLA,
VESTURBERGI OG ARNARBAKKA

Iceland

# VEÐUR & MYNDASÖGUR

## Veðurspá Þriðjudagur




Í dag snýst í suðvestan 5 til 10 metra á sekúndu. Það verða skúrir vestan til á landinu og ekki er útilokað að það verði haglél með í sumum þeirra. Austanlands er búist við rigningu fyrripartinn, en léttir til síðdegis.

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 6° | 4° | 4° |
| ↗8 | ↗12 | ↗6 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 5° | 0° |
| ↑5 | ↙0 | ↗8 |

### Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 7° | 5° | 4° |
| ↗8 | ↗15 | ↗13 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 4° | 6° | 1° |
| ↗9 | ↗5 | ↗9 |

## Þrautir

### Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. ónæði
6. í röð
8. keyra
9. ástæður
11. belti
12. vondur
14. kvk nafn
16. ambátt
17. aðstoð
18. til viðbótar
20. skóli
21. brunnur

**LÓÐRÉTT**
1. páfagaukur
3. samtök
4. skóþvengur
5. óvild
7. svartsýni
10. nögl
13. hár
15. þitt
16. hugur
19. ónefndur



**LAUSN**
**LÁRÉTT:** 2. rask, 6. áb, 8. aka, 9. rök, 11. öl, 12. illur, 14. sóley, 16. þý, 17. lið, 18. enn, 20. ma, 21. lind.
**LÓÐRÉTT:** 1. gári, 3. aa, 4. skóreim, 5. kal, 7. bölsýni, 10. kló, 13. ull, 15. yðar, 16. þel, 19. nn.

### Skák Gunnar Björnsson

Igor Kovalenko (2.700) vann laglegan sigur á Sergei Karjakin (2.762) á heimsmeistaramótinu í atskák.



**Svartur á leik**

**27...Rg4! 28. Dd3** (28. hxg4? leiðir til máts eftir 28...f2+!) **28...g6 29. Bb3 Rxe3 30. Hxe3 Dg5 31. Kh2 f2 32. He8! Df6 33. Bc4 Dc6!** og hvítur gafst upp.

**skak.is** HM í hraðskák hefst í dag.




## Sudoku

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | | | | | | | |
| | | 5 | 4 | 3 | 7 | 1 | 2 | |
| | | | 5 | | 9 | | | 3 |
| | | | | 5 | 8 | 3 | 7 | |
| 9 | 8 | | | 6 | | | | |
| 2 | | 7 | 9 | | | | | |
| | | 1 | | | | | 6 | 4 |
| | 2 | | | | 5 | 8 | | |
| | 6 | | | | 1 | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 3 | 7 | 5 | 9 | | 6 |
| | | 9 | | | | 3 | | 4 |
| 6 | 2 | | | 9 | | 7 | | |
| | 8 | | | | | 6 | | |
| | | 7 | 5 | | 3 | | | 2 |
| | | 1 | 6 | | | 5 | | |
| | | 5 | | 4 | | | 7 | |
| 2 | | | | | 9 | | | 3 |
| 4 | | | | | 8 | | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | | | | 6 |
| | | | | | | 4 | | 1 |
| | | | 4 | | 9 | | | |
| | 1 | 3 | | 8 | 5 | | | 7 |
| | | | | 7 | | 2 | | |
| 6 | | | 9 | 2 | | | | 3 |
| 3 | | 1 | 5 | 9 | | | | |
| | 9 | | 7 | | 6 | 3 | | 2 |
| | | | 8 | | | 5 | | |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

**Lausn síðustu sudoku →**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 8 | 3 | 4 | 9 | 1 | 7 | 2 | 6 | 5 |
| 9 | 1 | 5 | 8 | 2 | 6 | 7 | 3 | 4 |
| 6 | 2 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 8 | 1 |
| 1 | 7 | 8 | 2 | 4 | 9 | 3 | 5 | 6 |
| 2 | 4 | 6 | 7 | 3 | 5 | 8 | 1 | 9 |
| 3 | 5 | 9 | 1 | 6 | 8 | 4 | 2 | 7 |
| 4 | 8 | 1 | 5 | 7 | 2 | 6 | 9 | 3 |
| 5 | 6 | 2 | 4 | 9 | 3 | 1 | 7 | 8 |
| 7 | 9 | 3 | 6 | 8 | 1 | 5 | 4 | 2 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 6 | 3 | 5 | 2 | 7 | 1 | 8 | 4 |
| 7 | 1 | 4 | 6 | 8 | 9 | 2 | 3 | 5 |
| 2 | 8 | 5 | 1 | 3 | 4 | 6 | 7 | 9 |
| 8 | 4 | 6 | 9 | 5 | 2 | 3 | 1 | 7 |
| 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 6 | 9 | 4 | 8 |
| 1 | 3 | 9 | 7 | 4 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 3 | 7 | 1 | 8 | 6 | 5 | 4 | 9 | 2 |
| 4 | 5 | 8 | 2 | 9 | 1 | 7 | 6 | 3 |
| 6 | 9 | 2 | 4 | 7 | 3 | 8 | 5 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 8 | 4 | 9 | 7 | 5 | 2 | 3 | 6 |
| 5 | 9 | 6 | 1 | 2 | 3 | 4 | 7 | 8 |
| 7 | 2 | 3 | 6 | 8 | 4 | 5 | 9 | 1 |
| 8 | 6 | 7 | 4 | 9 | 2 | 3 | 1 | 5 |
| 2 | 4 | 5 | 3 | 1 | 7 | 6 | 8 | 9 |
| 9 | 3 | 1 | 5 | 6 | 8 | 7 | 2 | 4 |
| 3 | 5 | 9 | 2 | 4 | 1 | 8 | 6 | 7 |
| 4 | 1 | 8 | 7 | 3 | 6 | 9 | 5 | 2 |
| 6 | 7 | 2 | 8 | 5 | 9 | 1 | 4 | 3 |

## Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




TÓNLEIKUR KYNNIR:
EIN VINSÆLASTA HLJÓMSVEIT BRETLANDS FRÁ UPPHAFI:
SIMPLY RED
SUMAR 2016
LAUGARDALSHÖLL 31. MAÍ
ÖLL VINSÆLUSTU LÖGIN:
HOLDING BACK THE YEARS
SOMETHING GOT ME STARTED
STARS
FOR YOUR BABIES
IF YOU DON´T KNOW ME BY NOW
MONEY´S TOO TIGHT TO MENTION
FAIRGROUND
OG FLEIRI OG FLEIRI
MIÐASALA ER HAFIN Á midi.is

# Lífsbaráttan bræðir úr sér

**LEIKLIST**

**Heimkoman** ★★★☆☆

**Þjóðleikhúsið**
**eftir Harold Pinter**
**Leikstjóri:** Atli Rafn Sigurðarson
**Leikarar:** Björn Hlynur Haraldsson, Eggert Þorleifsson, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson, Snorri Engilbertsson og Vigdís Hrefna Pálsdóttir
**Leikmynd:** Börkur Jónsson
**Búningar:** Helga I. Stefánsdóttir
**Lýsing:** Halldór Örn Óskarsson
**Tónlist:** Einar Scheving
**Hljóðmynd:** Kristján S. Einarsson
**Dramatúrg:** Símon Birgisson
**Þýðing:** Bragi Ólafsson

Týndi sonurinn Teddy snýr aftur á heimaslóðir en heimkoman er ekkert fagnaðarefni fyrir ættingja hans. Heimkoman eftir Harold Pinter, frumsýnt á stóra sviði Þjóðleikhússins síðastliðinn laugardag í leikstjórn Atla Rafns Sigurðarsonar, er full af heiftugri orku og dýrslegri þrá, ekki einungis til að lifa af heldur að tróna á toppi fæðukeðjunnar. Nóbelskáldið hafði einstakan hæfieika til að láta hið ósagða krauma undir atburðarás verka sinna og er gríðarlega krefjandi.

Af þeim sökum verður fyrst að spyrja af hverju Heimkoman er sýnd á stóra sviði Þjóðleikhússins þegar leikverkið á frekar heima á smærra sviði þar sem hægt er að beisla orku textans betur. Dýpt og hæð sviðsins varð til þess að fyrir hlé varð hljómburðurinn innantómur og sviðsetningin flatneskjuleg.

Pinter skapar hliðarheima, súrrealíska spegilmynd á raunveruleikanum og leikararnir verða að endurspegla þessa flóknu hugmyndafræði. Ingvar E. Sigurðsson leikur slátrarann Max, hið hættulega höfuð fjölskyldunnar sem er að færast á efri árin. Endurkoma Ingvars er fagnaðarefni og nær hann stundum að framkalla þær tilfinningalegu mótsagnir sem búa í Max en drápseðlið finnst hvergi og kómíkin er yfirgnæfandi. Ekki hjálpar að hann situr oftar en ekki í rafknúnum hjólastól sem steindrepur ógn karaktersins.

Björn Hlynur Haraldsson leikur hinn ógeðfellda Lenny af kostgæfni en ýkt tilfinningaleg viðbrögð og líkamsstaða Björns undirstrika vel óstýrilátan heim Pinters. Hann er allt í senn smeðjulegur, kaldhæðinn en einnig viðkvæmur fyrir áreiti.

Lykillinn að þessu karlaveldi er Ruth, eiginkona Teddys, en hún er fleygurinn sem brýtur upp heim fjölskyldunnar og fyllir í tómarúmið sem hin látna móðir hefur skilið eftir. Vigdís Hrefna Pálsdóttir sýnir aftur á móti litla dýpt og fá blæbrigði, Ruth tekur engum breytingum heldur er köld frá byrjun, útsjónarsöm og viss í sinni sök. Lokaákvörðun hennar verður þannig kraftlaus og hvörfin í framvindunni hverfa.

Hinn tilkomulausi Teddy er leikinn af Ólafi Agli en hann er ágætur í hlutverkinu þó að hann hafi verið utanveltu í sýningunni, oft látinn sitja til hliðar og gefið lítið rúm til að bregðast við atburðarásinni. Eggert Þorleifsson er umkomuleysið uppmálað í hlutverki einkabílstjórans Sam og vekur samúð áhorfenda án þess að gera persónu sína aumkunarverða. Hnefaleikamaðurinn og yngsti sonurinn er leikinn af Snorra Engilbertssyni sem gerir það ágætlega þrátt fyrir að Joey verði fljótlega flatur í einfaldleika sínum.

Ágætir taktar frá leikarahópnum nægja ekki til að jafna út ójafnvægi í flutningum og framsetningunni á annars fínni þýðingu Braga Ólafssonar og sjaldan kviknar undir samleiknum en þessi óstöðugleiki birtist líka í ramma sviðsetningarinnar.

Sýningin gerist í hvítþvegnum bílskúr þar sem áhorfendur sjá einungis bakvegg rýmisins en sviðsvængirnir þjóna sem inngangur inn í sjálfar vistarverurnar. Sviðið er minnkað eftir því sem á líður á sýninguna með því að færa bakvegginn og þjarmar þannig bókstaflega að persónunum. Leikmyndin, sem Börkur Jónsson hannar, nær áhugaverðri virkni að lokum en fyrir hlé eru tómu fletir sviðsins of áberandi.

Búningarnir, í umsjá Helgu I. Stefánsdóttur, ríma heldur ekki saman og tímaramminn er óljós. Klassískur fatnaður Ruth stangast á við sérstaklega ljótu silfurlituðu jakkafötin sem Lenny klæðist svo dæmi sé tekið. Halldór Örn Óskarsson sér um lýsinguna en ofurbjörtu flúorljósin gefa umhverfinu áhugaverðan en gerilsneyddan ljóma.


Karlarnir í Heimkomu Pinters fá sér vindil og ræða málin.

Tónlistin er í höndum Einars Scheving sem er mikill hæfileikamaður. Í byrjun verks situr hann á sviðinu og framkallar stemningu sem minnir á reykfyllta bari og dimm skúmaskot. En eftir hlé dofnar bæði tónlistin og tónlistarmaðurinn hreinlega hverfur af sviðinu án útskýringa.

Þegar öllu er á botninn hvolft hamlar óskýr leikstjórn Atla Rafns Sigurðarsonar sýningunni. Ákvörðunin um að láta Teddy og Ruth koma inn á heimilið í gegnum áhorfendainnganginn er annað dæmi um þau veiku uppbrot sem lita sýninguna. Heimkoman eftir Harold Pinter er stórkostlega skrifað verk sem talar beint inn í okkar samtíma en fítonskraftur textans týnist með óstöðugri leikstjórn og gloppóttum dramatúrgískum áherslum.

**Sigríður Jónsdóttir**

**NIÐURSTAÐA:** Fín frammistaða Björns Hlyns og Ingvars nær ekki að slíta sýninguna frá daufri leikstjórn.




# Umskiptin með ólíkindum

Næstu tónleikar í tónleikaröðinni Klassík í Vatnsmýrinni verða haldnir miðvikudaginn 14. október kl. 20 í Norræna húsinu. Þar mun Jón Sigurðson píanóleikari ráðast í að flytja heila dagskrá með píanóverkum eftir Alexander Scriabin. Jón segir að tónlist þessa merka tónskálds hafi lengi leitað á hann.

„Þetta er alveg tónlist sem tekur á að flytja en þetta hefur verið svona mitt verkefni í gegnum árin og Scriabin hefur alltaf sótt á mig. Svo langaði mig til þess að gera pínulítið meira en venjulega á þessu ári en nú eru 100 ár liðin frá dauða þessa merka rússneska tónskálds.“


Jón Sigurðsson píanóleikari

Jón mun leika tólf prelúdíur, tvær sónötur, fjögur ljóð, Mazurka og Vers la flamme eftir Scriabin. Framan af samdi Scriabin eingöngu verk í síðrómantískum stíl en með árunum fór hann að fjarlægjast hið hefðbundna tónmál. Ferundarhljómar, sem komu mikið til í stað þríunda, áttu að færa hlustandann upp á æðra tilverustig.

„Það sem gerir Scriabin svo einstakan í heimi tónskáldanna eru þessu gríðarlegu umskipti sem verða á hans tónlistarhugmyndum á ferlinum. Mér finnst það vera meiri breytingar en eru til dæmis á milli höfunda á klassíska tímanum. Þannig er til að mynda meiri munur á milli hans fyrstu og síðustu verka en á sér stað hjá Beethoven, Mozart og Haydn svo dæmi sé tekið. Þessi gríðarlega endurnýjun sem hann Scriabin fer í gegnum á sínum ferli er í raun alveg með ólíkindum.“

**ÞAÐ SEM GERIR SCRIABIN SVO EINSTAKAN Í HEIMI TÓNSKÁLDANNA ERU ÞESSU GRÍÐARLEGU UMSKIPTI SEM VERÐA Á HANS TÓNLISTARHUGMYNDUM Á FERLINUM. MÉR FINNST ÞAÐ VERA MEIRI BREYTINGAR EN ERU T.D. Á MILLI HÖFUNDA Á KLASSÍSKA TÍMANUM.**

Jón segir að til þess að ná yfirliti yfir höfundarverk tónskálds á borð við Scriabin þurfi vissulega að koma nokkuð víða við. „Ég byrja á verkum sem hann samdi þegar hann var svona liðlega tvítugur og ég enda á verkum sem voru samin um 1914. Þannig að ég reyni svona að stikla á þessu höfundarverki.“

Þegar um svo mikla breidd höfundarverks er að ræða þá má velta því fyrir sér hversu aðgengilegir tónleikarnir verða fyrir þá sem hafa kannski ekki enn mikla reynslu af því að hlusta á klassíska tónlist en Jón segir að fólk þurfi ekkert að hafa mikla áhyggjur af því. „Fyrstu verkin eru afskaplega aðgengileg en ég vil ekki fullyrða of mikið um seinni hlutann því Scriabin breytir svo miklu. En með réttu hugarfari þá og ef maður veit eftir hverju á að hlusta þá er þetta svolítið eins og góð slökunartónlist. Og erum við ekki öll alltaf að reyna að slaka á?“

magnus@frettabladid.is

# Áleitinn, kraftmikill og jafnvel lágstemmdur djass

Kvartettinn Q56 kemur fram á djasskvöldi á Kexi Hosteli á Skúlagötu 28 í kvöld, þriðjudaginn 13. október. Þar ætlar hann að vera með áleitinn og kraftmikinn en líka jafnvel lágstemmdan djass, að sögn Kára Ibsen trommuleikara. „Þannig að allir ættu að fá eitthvað við sitt hæfi, sem á annað borð fíla djass,“ segir hann og lofar að sígræn amerísk sönglög og spánýtt efni, ættað frá löndum beggja vegna Atlantshafsins, verði á boðstólum.

Auk Kára skipa kvartettinn þeir Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar, Steinar Sigurðarson á saxófón og Þorgrímur Jónsson á kontrabassa.

**ÞAÐ ER EKKI ÞANNIG AÐ DJASSARAR HITTIST ÞEGAR ÞEIR ERU ORÐNIR BLANKIR OG ÁKVEÐI AÐ TAKA SVOSEM EITT GIGG TIL AÐ BÆTA FJÁRHAGINN.**

Kári segir kvartettinn hafa verið til allt frá aldamótum. „Við Steinar höfum verið með allan tímann, aðrir hafa aðeins verið rokkandi, Þorgrímur fór til dæmis í nám erlendis á tímabili og aðrir hlupu í skarðið. En það verður enginn ríkur á að spila djass. Við gerum þetta mest ánægjunnar vegna. Það er ekki þannig að djassarar hittist þegar þeir eru orðnir blankir og ákveði að taka svosem eitt gigg til að bæta fjárhaginn.“ – **gun**



**Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30 og aðgangur er ókeypis.**
MYND/ UNNAR ÞORSTEINSSON



**Fjóla ætlar að segja frá sambandi sínu við eiginmanninn.**

## Fjóla mætir í Sagnakaffi

Sagnakaffi er nýleg viðburðaröð í Gerðubergi á miðvikudagskvöldum. Þar eru sagðar sögur í tali, tónum, takti, ljóðum og leik.

Annað kvöld er yfirskrift sagnakaffis Sambönd ... í gegnum súrt og sætt. Þar ætlar Ólafía Hrönn Jónsdóttir leikkona að mæta í hlutverki Fjólu sem varð til í áramótaskaupinu 1989 og Fjóla mun segja frá sambandi sínu við eiginmanninn Friðrik og ráða gestum hollráð.

Gestir kvöldsins fá einnig að spreyta sig og allir eru velkomnir, endurgjaldslaust á meðan húsrúm leyfir. – **gun**



**Verk Helga Þorgils Friðjónssonar, Blue Music frá 2005.**

## Sýna í Tallinn

Hópur íslenskra myndlistarmanna á verk á sýningu sem nýlega var opnuð í KUM; Samtímalistasafninu í Tallinn í Eistlandi.

Sýningin nefnist SAGA – Þegar myndir tala. Þau sem eiga þar verk eru Björk, Dieter Roth, Erró, Gabríela Friðriksdóttir, Helgi Þorgils Friðjónsson, Hrafnkell Sigurðsson, Hulda Hákon, Jóhannes S. Kjarval, Kristleifur Björnsson, Ólafur Elíasson, Ólöf Nordal, Ósk Vilhjálmsdóttir & Anna Hallin, Ragnar Kjartansson, Sigurður Guðmundsson, Steingrímur Eyfjörð og Þórður Ben Sveinsson.

Verkin á sýningunni eru valin af safnstjóra Listasafns Íslands, Halldóri Birni Runólfssyni, og þýskum sýningarstjóra, Norbert Weber, og á valið að endurspegla þá sýn á íslenska menningu sem hið glögga gestsauga getur veitt.














# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

## 13. OKTÓBER 2015

### Tónlist

**Hvað?** Jazzkvöld á Kex
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex Hostel, Skúlagötu 28
Kvartettinn Q56 kemur fram á jazzkvöldi á Kexi. Kvartettinn skipa þeir Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar, Kári Ibsen Árnason á trommur, Steinar Sigurðarson á saxófón og Þorgrímur Jónsson á kontrabassa. Q56 leikur til að gleðja með áleitinn, kraftmikinn eða jafnvel lágstemmdan djass í fyrirrúmi.

**Hvað?** Ómar Guðjóns og Tómas R. á Ísafirði
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Edinborgarhúsinu, Aðalstræti 7 á Ísafirði
Vinirnir Ómar Guðjónsson og Tómas R. Einarsson gáfu nýlega út plötu saman og ferðast nú um landið og leika á tónleikum. Þeir hafa leikið saman í áratug við góðan orðstír og komið fram víða um heim. Plötuna tóku þeir upp á Kolsstöðum í Borgarfirði.

**Hvað?** Volante & Friends á Prikinu
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Prikinu, Bankastræti 12
Volante & Friends halda uppi stuðinu á Prikinu. Kvöldið er liður í ítarlegri októberdagskrá staðarins, þar sem eitthvað er um að vera á hverju kvöldi.

**Hvað?** Terrordisco á Kaffibarnum
**Hvenær?** 22.00
**Hvar?** Kaffibarnum
Terrordisco leikur fyrir dansi á Kaffibarnum í kvöld. Þetta verður eina kvöld mánaðarins sem Terrordisco leikur á Kaffibarnum.

**Hvað?** Sembaltónleikar í boði kammersveitarinnar Stelks
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tónlistarmiðstöð Austurlands, Dalbraut 2, Eskifirði
Austfirska kammersveitin Stelkur býður á sembaltónleika í Tónlistarmiðstöð Austurlands. Aðgangur er ókeypis.

### Málþing og fundir

**Hvað?** Málþing um fötlun í fantasíum
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Háskólatorgi, í Háskóla Íslands
Á þessu málþingi verður sjónum beint að birtingarmyndum fötlunar innan fantasía og barnaefnis. Innan vinsælla fantasía er fötlun oft notuð á neikvæðan hátt og elur á neikvæðum staðalímyndum um fatlað fólk eins og til að marka illsku, makleg málagjöld eða útskýra grimmd, sorg eða illar gjörðir einstaklinga. Í þessu málþingi verða gefin allnokkur dæmi um slíkt úr samtímanum.


**Málstofa um fötlun í fantasíum er í Háskóla Íslands.**

**Hvað?** Fræðslufundur um Frjálsa lífeyrissjóðinn
**Hvenær?** 17.30
**Hvar?** Arion banka, Borgartúni
Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins, segir frá uppbyggingu, ávöxtun og þjónustu við sjóðfélaga. Sérstaklega verður fjallað um þá þætti sem veita sjóðnum sérstöðu, s.s. séreignarmyndun og erfanleika. Fundurinn stendur yfir í rúmlega klukkustund og eru kaffiveitingar í boði. Allir velkomnir.

**Hvað?** Námskeið/fyrirlestur um samningatækni
**Hvenær?** 17.15
**Hvar?** Félagsmiðstöðinni Hæðargarði 31
Námskeið í samningatækni á vegum U3A Reykjavík í samstarfi við Rými akademíuna. Thomas Möller hagverkfræðingur fjallar um samningatækni og not hennar í daglegum samskiptum. Þriðjudagsviðburður U3A Reykjavík. Aðgangur 500 krónur.


**Ómar Guðjónsson verður á Ísafirði.**

**Hvað?** Bókakvöld VÍB – Lean in
**Hvenær?** 17.00
**Hvar?** Höfuðstöðvum VÍB og Íslandsbanka Kirkjusandi
VÍB býður upp á fróðlegt bókakvöld þar sem rætt verður um hina geysivinsælu bók Lean in eftir Sheryl Sandberg. Reykjavík, bókmenntaborg UNESCO, leggur áherslu á raddir kvenna á lestrarhátíðinni nú í október og er bókakvöldið framlag VÍB. Bókina ræða Elín Jónsdóttir, framkvæmdastjóri VÍB, Lilja Gylfadóttir, formaður Ungra athafnakvenna, og Edda Rut Björnsdóttir, verkefnastjóri hjá Fyrirtækjasviði Íslandsbanka.

**Hvað?** Er miðborgin fyrir ferðamenn, íbúa eða alla?
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kjarvalsstöðum
Ferðamannamiðborgin verður til umræðu í fundaröð sem umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar stendur fyrir ásamt Hjálmari Sveinssyni, formanni umhverfis- og skipulagsráðs. Miðborg Reykjavíkur er allt í senn miðborg menningar, veitinga, verslunar og mannlífs. Hún er einnig hverfi og heimkynni íbúa og vinsæll áfangastaður ferðamanna. Í blandaðri miðborgarbyggð þurfa allir að lifa í sátt og samlyndi en ferðamannamiðborgin verður í brennidepli á fundinum.

**Hvað?** Fyrirlestur um flóttafólk og anarkista
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Loft Hostel, Bankastræti 7
Árdís Kristín Ingvarsdóttir, doktorsnemi í félagsfræði, mun segja frá margvíslegri reynslu sinni við að gera langtíma rannsókn í anarkistahverfinu í Aþenu. Árdís ferðaðist auk þess yfir þau landamæri Evrópu sem flóttafólk er að fást við daglega. Hún sneri aftur til Íslands í haust og mun tipla yfir þetta ferli, allt frá því að gista fyrstu nóttina í alræmdu „einnar nætur hóteli“ í Aþenu, að upplifa það að vera skotin með gúmmíkúlum af grísku lögreglunni, að vera stoppuð á landamærum út af íslenskum fótbolta, kennt hvernig kynjanorm er kennt í fatabúðum og hvaða vináttuhefðir fylgja því að drekka ouzi á kaffihúsum sem er líkt við Facebook.

### Sýningar

**Hvað?** Haust á Listasafninu á Akureyri
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Listasafninu á Akureyri, Kaupvangsstræti
Sýningin Haust fer nú að renna sitt skeið á Listasafninu á Akureyri, en hún hófst þann 29. ágúst og endar 18. október næstkomandi. Sýningin endurspeglar þá fjölbreyttu flóru myndlistar sem unnið er að á Norðurlandi.




# Áskorun á Alþingi og ríkisstjórn varðandi nýja Landspítalann

Sterk rök benda til að ódýrara, fljótlegra og betra verði að byggja nýjan Landspítala frá grunni á besta mögulega stað, í stað þess að byggja við og endurnýja gamla spítalann við Hringbraut.

**Skorað er á stjórnvöld að láta gera nýtt staðarval með opnum og faglegum hætti.**

Meðal þess sem þarf að skoða og meta er eftirfarandi: Stofnkostnaður og rekstrarkostnaður „bútasaumaðs" spítala við Hringbraut vs. nýs spítala á betri stað; áhrif hækkandi lóðaverðs í miðbænum; umferðarþungi og kostnaður við nauðsynleg umferðarmannvirki; heildar byggingartími; ferðatími og ferðakostnaður notenda spítalans eftir staðsetningum; hversu aðgengilegir bráðaflutningar eru með sjúkrabílum og þyrlum; hversu góð staðsetningin er miðað við byggðaþróun til langs tíma litið; áhrif betra umhverfis og húsnæðis á sjúklinga og starfsfólk; minnkandi vægi nærveru spítalans við háskólasvæðið eftir tilkomu Internetsins; mikilvægi þess að geta auðveldlega stækkað spítalann í framtíðinni því notendum spítalans mun stórfjölga næstu áratugi.

Aðalbjörg Hlín Brynjólfsdóttir, viðskiptafræðingur
Anna Kolbrún Árnadóttir, doktorsnemi við Háskóla Íslands
Arnar Þór Emilsson, flugmaður
Auðun Svavar Sigurðsson, skurðlæknir
Auður Hermannsdóttir, nemi
Auður Svanhvít Sigurðardóttir, umhverfisskipulag og ráðgjöf
Dr. Arnar Bjarnason, hagfræðingur
Ársæll Jónsson, læknir
Ása St. Atladóttir, hjúkrunarfræðingur og verkefnisstjóri
Áslaug Ragnars, blaðamaður
Ásrún Kristjánsdóttir, B.Sc. svæfingahjúkrunarfræðingur, M.Ed., M.B.A
Ástriður Sigurrós Jónsdóttir viðskiptafræðingur
Berglind Aðalsteinsdóttir, læknir
Birgir Grímsson, iðnhönnuður og frumkvöðull
Björn Geir Leifsson, læknir
Björn Sighvatsson, framleiðsluverkfræðingur
Broddi B. Bjarnason Pípulagnameistari
Bryndís Jónsdóttir, lyfjafræðingur
Dóra Björt Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri Stúdentaráðs Oslóarháskóla
Ebba Margrét Magnúsdóttir, kvensjúkdóma og fæðingarlæknir
Egill Jóhannsson, forstjóri Brimborgar, viðskiptafræðingur
Dr. Elín Hanna Laxdal, læknir, sérfræðingur í almennum og æðaskurðlækningum
Elísabet Guðjohnsen, fv. framkvæmdastjóri hjá Raunvísindastofnun HÍ
Elísabet Kjerúlf, tannfræðingur
Eymundur Sveinn Leifsson, verkfræðingur, ráðgjafi við byggingar sjúkrahúsa í Noregi
Frosti Sigurjónsson, alþingismaður
Garðar Sigursteinsson, geðlæknir
Gerður Aagot Árnadóttir, heimilislæknir
Gestur Ólafsson, arkitekt og skipulagsfræðingur
Grímur Brandsson, skriftvélavirki og ellilífeyrisþegi
Guðjón Sigurbjartsson, viðskiptafræðingur
Guðl. Gauti Jónsson, arkitekt
Guðmundur Birkir Þorkelsson, fv. skólameistari
Guðmundur Gunnarsson, verslunarmaður
Guðmundur Karl Snæbjörnsson, læknir
Guðni Pálsson, arkitekt
Dr. Gunnar Einarsson, bæjarstjóri Garðabæjar
Guðríður Haraldsdóttir hjúkrunarfræðingur
Guðrún Andrésdóttir, bankafulltrúi
Guðrún Barbara Tryggvadóttir, söluráðgjafi
Guðrún Bryndís Karlsdóttir, verkfræðingur og sjúkraliði
Guðrún Hannesardóttir, tölvunarfræðingur
Gunnlaugur M. Sigmundsson, fv. alþingismaður
Hanna Sigríður Jósafatsdóttir, hjúkrunardeildarstjóri
Hannes Freyr Guðmundsson, kennari
Hans Orri Straumland, hópstjóri net- og símkerfi LSH
Haraldur Eiríkur Ingimarsson, eldri b. hvers faðir byggði flestar bygg. á Landspítalalóðinni
Harpa Dröfn Georgsdóttir, sjúkraþjálfari
Helgi Jóhann Hauksson, stjórnmálafræðingur
Hermann Guðmundsson, framkvæmdastjóri
Héðinn Eyjólfsson, viðskiptafræðingur
Hilmar Þór Björnsson, arkitekt
Hlédís Guðmundsdóttir, læknir
Hrafnhildur Scheving, formaður Slysavarnadeildar kvenna í Reykjavík
Hulda Hákon, myndlistarkona
Hulda Hákonardóttir, markaðsstjóri
Inga S. Guðbjartsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Ingibjörg Ásgeirsdóttir, félagsráðgjafi MSW og fjölskylduþerapisti
Ingibjörg Rebekka Guðjónsdóttir, geislafræðingur
Ingólfur Arnarson, viðskiptafræðingur
Jón Auðun Auðunarson fulltrúi
Jón Guðmundsson, arkitekt
Jóna Bryndís Gísladóttir, nemi í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands
Jónína Sigurgeirsdóttir MS, sérfræðingur í endurhæfingarhjúkrun
Kjartan Magnússon, sérfræðilæknir, hefur unnið á flestum deildum LSH síðastliðin 30 ár
Kristinn Steingrímsson, verkfræðingur M.Sc.
Kristín Björnsdóttir, þjónustufulltrúi og amma
Kristín Edda Ragnarsdóttir hjúkrunarfræðingur
Kristín Sigurðardóttir, læknir
Kristján Gunnarsson, viðskiptafræðingur, Landsvirkjun
Lárus Jón Guðmundsson, sjúkraþjálfari og framkvæmdastjóri
Leifur Þorsteinsson, Líffræðingur
Lúther Ólason, bygginarfræðingur BFÍ
Magni J Jóhannsson, vélstjóri
Magnús Skúlason, arkitekt
Matthildur Sigurðardóttir kvensjúkdóma- og fæðingarlæknir LSH
Óli Hallgrímsson, kjötiðnaðarmaður
Páll Torfi Önundarson, prófessor og yfirlæknir á LSH
Pétur Júlíus Halldórsson, vörustjóri hjá Stillingu
Rut Ríkey Tryggvadóttir, textíl listakona og klæðskeri
Sigríður Ásgeirsdóttir, húsmóðir
Sigríður Sólveig Friðgeirsdóttir, hjúkrunarfræðingur
Sigrún Helga Jóhannsdóttir, lögmaður
Sigrún Hjartardóttir, læknir
Sigurður Hreiðar Hreiðarsson, ritstjóri emeritus
Sigurður Oddsson, verkfræðingur
Sigurður Sigurðsson, öryggisvörður
Sigurgeir Kjartansson, læknir
Skúli Gunnar Sigfússon, viðskiptafræðingur
Sólveig Jóna Adamsdóttir, fjármálastjóri
Stefán Hilmar Hilmarsson, viðskiptafræðingur og löggiltur endurskoðandi
Dr. Stefán E Matthíasson læknir
Stefán Snorri Stefansson, hópstjóri CERT-ÍS, netöryggissérfræðingur
Tryggvi Árnason, vélvirki
Viðar Hjartarson, læknir
Dr. Vilhjálmur Ari Arason, heimilislæknir, starfar á Slysa- og bráðamóttöku LSH
Ylfa Þorsteinsdóttir, sjúkraþjálfari
Þorkell Jónsson, byggingatæknifræðingur
Þorsteinn Kristinn Adamsson, vélstjóri
Þórunn Sveinsdóttir, sjúkraþjálfari
Þröstur Þorvaldsson, sölustjóri, vélfræðingur og rekstrarfræðingur
Örn Þór Halldórsson, arkitekt

Birting þessi er kostuð af ofangreindum þátttakendum.

Samtök áhugafólks um Betri spítala á betri stað vilja, eins og meirihluti landsmanna, að byggður verði nýr spítali á besta mögulega stað. Með því vinnst margt.

**Það er fjárhagslega hagkvæmt** því selja má núverandi eignir sem losna, þörf fyrir umferðarmannvirki verður minni og árlegur kostnaður lægri. Núvirt hagræði er yfir 100 milljarðar króna.

**Það er fljótlegra** að byggja á opnu aðgengilegu svæði.

**Umferðarálag minnkar í miðbænum.** Það verða um 9.000 ferðir að og frá sameinuðum spítala á sólarhring þar af 100 ferðir sjúkrabíla og 200 í toppum og því þarf hann að vera staðsettur nær miðju framtíðar byggðarinnar.

**Gæði heilbrigðisþjónustunnar vaxa og batahorfur batna.** Gott húsnæði og fallegtumhverfi flýtir bata sjúklinga og eykur starfsánægju og mannauðurinn vex og dafnar.

**Aðgengi notenda batnar og ferðakostnaður lækkar.** Því styttri og greiðari sem leiðin er á spítalann fyrir sjúkrabíla, þyrlur og almenna umferð, því betra.

**Góðir stækkunarmöguleikar eru gríðarlega verðmætir.** Notendum spítalans mun stórfjölga á næstu áratugum og fyrirséð að spítalinn þarf að stækka mikið.

**Allt að vinna og engu að tapa.** Þó búið sé að eyða 3-4 milljörðum í undirbúning fyrir Hringbraut margborgar sig að byggja nýja spítala frá grunni á besta mögulega stað og hluti undirbúnings nýtist á nýjum stað.

**Samtök um Betri spítala á betri stað**
**www.betrispitali.is**
**www.facebook.com/betrilandspitaliabetristad**

Betri spítali



2 | 20:45
**PUBLIC MORALS**
Sögusviðið er New York á sjöunda áratugnum og fjallað er um líf og störf rannsóknarlögreglumanna í sérstakri siðadeild. Terry Muldoon og félagar reyna að halda uppi lögum og reglum í borginni sem aldrei sefur en fara stundum vafasamar leiðir.

FRÁBÆR
ÞRIÐJUDAGUR
Fáðu þér áskrift á **365.is**
365

2 | 19:25
**HJÁLPARHÖND**
Vönduð þáttaröð í umsjá Rikku og fjallar um fjölbreytt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða á Íslandi.



2 | 19:50
**PROJECT GREENLIGHT**
Leikararnir og leikstjórarnir Matt Damon og Ben Affleck leitast við að leiðbeina þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref í kvikmyndagerð.




2 | 20:20
**THE BIG BANG THEORY**
Leonard og Sheldon eru afburðasnjallir eðlisfræðingar en þeir hæfileikar nýtast þeim þó ekki í samskiptum við hitt kynið.



| 22:00
**RISE OF AN EMPIRE**
Eftir sigurinn á Leonidas í 300 þá stefnir persneski herinn undir stjórn Xerxes í átt að stærstu grísku borgríkjunum.



3 | 19:55
**PROJECT RUNAWAY**
Ofurfyrirsætan Heidi Klum stýrir hörkuspennandi tískuhönnunarkeppni þar sem 16 ungir og upprennandi fatahönnuðir takast á.




Krakkastöðin | 18:25
**LATIBÆR**
Skemmtilegir þættir um Íþróttaálfinn, Sollu stirðu, Nenna níska, Glanna glæp og fleiri skemmtilega vini þeirra í Latabæ.



©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum
á aðeins 310 kr. á dag. Nánari upplýsingar á **365.is**


# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## STÖÐ 2

**07.00** Barnatími Stöðvar 2
**08.10** The Middle
**08.30** Junior Masterchef Australia
**09.15** Bold and the Beautiful
**09.35** The Doctors
**10.15** Sælkeraheimsreisa um Reykjavík
**10.40** The World's Strictest Parents
**11.45** Hið blómlega bú 3
**12.15** Lífsstíll
**12.35** Nágrannar
**13.00** American Idol
**14.25** Mr Selfridge
**15.15** Veep
**15.45** The Amazing Race
**16.30** Weird Loners
**16.55** Surviving Jack
**17.20** Bold and the Beautiful
**17.40** Nágrannar
**18.05** Simpson-fjölskyldan
**18.30** Fréttir Stöðvar 2
**18.47** Íþróttir
**18.55** Ísland í dag.
**19.25** Hjálparhönd
Vönduð ný þáttaröð í umsjá Rikku og fjallar um fjölbreytt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða á Íslandi. Störfin eru jafn ólík og þau eru mörg en eiga það sameiginlegt að styrkja stoðir samfélagsins.
**19.50** Project Greenlight
**20.20** The Big Bang Theory
**20.45** Public Morals
Magnaður þáttur með Edward Burns í aðalhlutverki. Sögusviðið er New York á sjöunda áratugnum og fjallað er um líf og störf rannsóknarlögreglumanna í sérstakri siðadeild.
**21.30** The Strain .
**22.20** Last Week Tonight With John Oliver
Spjallþáttur með John Oliver sem fer yfir atburði vikunnar með á sinn einstaka hát
**22.50** Louie
**23.15** Covert Affairs
**00.00** Grey's Anatomy
**00.45** Blindspot
**01.30** Major Crimes
**02.15** Battle Los Angeles
**04.10** 21 & Over
**05.40** Fréttir

## SPORT

**09:30** Færeyjar - Rúmenía
**11:10** Ísland - Lettland
**12:55** Formúla 1 2015 - Rússland
**15:15** Úkraína - Spánn
**16:55** Rússland - Svartfjallaland
**18:35** Holland - Tékkland -,Bein útsending
**20:45** Markaþáttur Meistaradeildar Evrópu í handbolta
**21:15** Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur
**21:45** Tyrkland - Ísland
**23:35** Lettland - Kazakstan
**01:15** Ítalía - Noregur

## SPORT 2

**10:35** Chelsea - Southampton
**12:20** Sunderland - West Ham
**14:05** Everton - Liverpool
**15:45** Rotherdam - Burnley
**17:30** Football League Show 2015/16
**18:00** Lithåen - England
**19:40** Finnland - N-Írland
**21:20** Crystal Palace - WBA
**23:00** Man. City - Newcastle úrvalsdeildinni.

## GOLFSTÖÐIN

**09:00** Presidents Cup 2015
**13:00** Presidents Cup 2015 Highlights
**13:55** Presidents Cup 2015
**17:55** Golfing World 2015
**18:45** Presidents Cup 2015 Highlights
**19:40** Presidents Cup 2015
**23:40** Champions Tour Highlights

## STÖÐ 3

**18:20** Last Man Standing
**18:45** 50 Ways to Kill Your Mammy
**19:30** Cristela
**19:55** Project Runway
**20:40** One Born Every Minute
**21:30** Pretty Little Liars
**22:15** Witches of East End
**23:00** Mayday: Disasters
**23:45** The Last Ship
**00:30** The Originals
**01:15** Cristela
**01:35** Project Runway
**02:20** One Born Every Minute
**03:10** Pretty Little Liars
**03:50** Witches of East End
**04:35** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00** Könnuðurinn Dóra
**07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**07.45** Doddi litli og Eyrnastór
**07.55** Sumardalsmyllan
**08.00** Áfram Diego, áfram!
**08.24** Svampur Sveinsson
**08.49** Tom and Jerry
**08.55** UKI
**09.00** Ævintýri Tinna
**09.23** Kalli á þakinu
**09.48** Elías
**10.00** Ofurhundurinn Krypto
**10.25** Latibær
**10.47** Ævintýraferðin
**11.00** Könnuðurinn Dóra
**11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**11.45** Doddi litli og Eyrnastór
**11.55** Sumardalsmyllan
**12.00** Áfram Diego, áfram!
**12.24** Svampur Sveinsson
**12.45** Tom and Jerry
**12.55** UKI
**13.00** Ævintýri Tinna
**13.23** Kalli á þakinu
**13.48** Elías
**14.00** Ofurhundurinn Krypto
**14.24** Latibær
**14.46** Ævintýraferðin
**15.00** Könnuðurinn Dóra
**15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar
**15.45** Doddi litli og Eyrnastór
**15.55** Sumardalsmyllan
**16.00** Áfram Diego, áfram!
**16.24** Svampur Sveinsson
**16.45** Tom and Jerry
**16.55** UKI
**17.00** Ævintýri Tinna
**17.23** Kalli á þakinu
**17.48** Elías
**18.00** Ofurhundurinn Krypto
**18.24** Latibær
**18.46** Ævintýraferðin
**19.00** Hvíti Kóalabjörninn



## GULLSTÖÐIN

**18:15** Two and a Half Men
**18:40** Friends
**19:05** New Girl
**19:25** Modern Family
**19:50** Veggfóður
**20:35** Hið blómlega bú
**21:10** Dallas
**21:55** Fringe
Fimmta þáttaröðin um Oliviu Dunham, sérfræðing FBI í málum sem grunur leikur á að eigi sér yfirnáttúrlegar skýringar.
**22:40** Chuck
**23:20** Cold Case
**00:05** Veggfóður
**00:50** Hið blómlega bú
**01:25** Dallas
**02:05** Fringe
**02:50** Tónlistarmyndbönd frá Bravó

## BÍÓSTÖÐIN

**10:40** The Fault In Our Stars
**12:45** Great Expectations
**14:35** Night at the Museum: Battle of the Smithsonian
**16:20** The Fault In Our Stars
**18:25** Great Expectations
**20:15** Night at the Museum: Battle of the Smithsonian
**22:00** 300: Rise of an Empire
Eftir sigurinn á Leonidas í fyrri myndinni, 300, stefnir persneski herinn undir stjórn Xerxes í átt að stærstu grísku borgríkjunum.
**23:40** Riddick
**01:35** Fire With Fire

## RÚV

**16.05** Séra Brown
**16.50** Táknmálsfréttir
**17.00** KrakkaRÚV
**17.01** Friðþjófur forvitni
**17.21** Millý spyr (41:65)
**17.29** Sanjay og Craig (14:20)
**17.50** Vísindahorn Ævars
**18.00** Fréttir
**18.15** Veður
**18.25** EM stofa
**Hitað upp fyrir leik Tyrklands og Íslands í forkeppni Evrópumótsins 2016 í fótbolta.**
**18.45** Tyrkland - Ísland
**20.35** EM stofa
**21.05** Castle (1:23)
**22.00** Tíufréttir
**22.20** Veðurfréttir (25)
**22.25** EM stofa - samantekt
**22.50** Skuggaleikur
**23.40** Brúin
Hin sérlundaða, sænska rannsóknarlögreglukona, Saga Norén reynir að fóta sig í lífi og starfi þrátt fyrir óvissu um afdrif eina vinar hennar. Aðalhlutverk leika Sofia Helin og Kim Bodnia. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.40** Fréttir

## SKJÁREINN

**06:00** Pepsi MAX tónlist
**08:00** Everybody Loves Raymond
**08:20** Dr. Phil
**09:00** The Biggest Loser
**09:45** Pepsi MAX tónlist
**13:30** Cheers
**13:55** Dr. Phil
**14:35** Younger
**15:00** Top Chef
**15:45** The Good Wife
Þessir margverðlaunuðu þættir njóta mikilla vinsælda meðal áhorfenda SkjásEins. Það er þokkadísin Julianna Marguilies sem fer með aðalhlutverk í þáttunum sem hin geðþekka eiginkona Alicia sem nú hefur ákveðið að yfirgefa sína gömlu lögfræðistofu og stofna nýja ásamt fyrrverandi samstarfsmanni sínum.
**16:25** Eureka
**17:05** America's Next Top Model
**17:50** Dr. Phil
**18:30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**19:10** The Late Late Show with James Corden
**19:50** Black-ish
**20:15** Reign
**21:00** Blood & Oil
**21:45** Ray Donovan
**22:30** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**23:10** The Late Late Show with James Corden
**23:50** American Odyssey
**00:35** Code Black
**01:20** Quantico
**02:05** Blood & Oil
**02:50** Ray Donovan
**03:35** The Tonight Show with Jimmy Fallon
**04:15** The Late Late Show with James Corden
**04:55** Pepsi MAX tónlist

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

**Þú átt möguleika** - *ef þú átt miða!*

Hvar enda þessi ósköp?

# 70 MILLJÓNIR

Á einn miða! Þú mátt ekki missa af útdrætti!



„Ef þú átt ekki miða þá er bara einhver annar sem vinnur!“

DRÖGUM Í DAG
Fáðu þér miða **fyrir kl. 18**




PIPAR\TBWA • SÍA • 154704

**Stóri dagurinn**

Tryggðu þér miða á **www.hhi.is**, í síma **563 8300** eða hjá næsta umboðsmanni.
**Miðaverð er aðeins 1.300 kr.**
**Einn miði gildir í heila 3 leiki** í sama útdrætti.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
*Vænlegast til vinnings*

FRÉTTABLAÐIÐ
LÍFIÐ

# Helgin hjá **Hollywood** stjörnunum



Mamma Mia! leikkonan Amanda Seyfried var fersk á ferð og flugi þegar mynd var smellt af henni í Tókýó.



Jennifer Lawrence og Aziz Ansari léku á als oddi á götum New York.



Leikkonurnar dísætu í hinum endalausu þáttum Pretty Little Liars stilltu sér upp í tilefni af PaleyFest í New York.



Óskarsverðlaunaleikkonan Lupita Nyong'o spígsporaði um stóra eplið um helgina og hvarf í fjöldann.



High School Musical skvísan með meiru Ashley Tisdale var mjög svöl með bert á milli í ofurkonupartii Variety.



Leikstjórinn Scott Cooper dúndraði sér ásamt leikurunum Benedict Cumberbatch og Johnny Depp á viðhafnarsýningu myndarinnar Black Mass í London.



# SAMSUNG

# Miklir yfirburðir

## Samsung með 24 af 25 bestu sjónvörpunum í gæðakönnun Neytendablaðsins og ICRT*

* Óháð alþjóðleg samtök rannsókna og prófana.

Viðskiptablaðið fjallar um gæðakönnun Neytendablaðsins á sjónvörpum á íslenskum markaði, 24. september sl.

Í könnuninni er tækjunum gefin einkunn fyrir myndgæði, hljóðgæði, tengingar, orkunotkun, þægindi í notkun og ofl.

Í niðurstöðunum kemur fram að Samsung sjónvörpin eru talin besti kostur í 24 tækjum af 25, í stærðum 47" til 55".

Með stolti bjóðum við því uppá bestu sjónvörpin og vonum að niðurstöðurnar hjálpi fólki að gera upp hug sinn við sjónvarpskaupin.




http://vb.is/frettir/samsung-med-mikla-yfirburdi-i-gaedakonnun-neytendabladsins/121050/




FYRIR HEIMILIN Í LANDINU

**ORMSSON**

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800 · ormsson.is

**SAMSUNG SETRIÐ**

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON | ORMSSON | KS | SR BYGG | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI | TÆKNIBORG | OMNIS |
| KEFLAVÍK | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | SIGLUFIRÐI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK -EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM | BORGARNESI | AKRANESI |
| SÍMI 421 1535 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 467 1559 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 | SÍMI 422 2211 | SÍMI 433 0300 |







# Skáldsaga Skálmaldarmannsins

Bókin kemur út þann 5. nóvember næstkomandi. „Ég er búinn að gefa út helling af plötum og hlutir hætta að vera nýir. En nú er ég allt í einu einn, að fá alla til að fíla nýju bókina mína,“ segir Bibbi, spenntur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

„Vinirnir mega alveg svitna aðeins,“ segir Sigurbjörn Ragnarsson, Bibbi, bassaleikari einhverrar vinsælustu þungarokkshljómsveitar landsins. Hann segir að um skáldsögu sé að ræða, en hægt verði að rekja einhverja punkta.

„Ég hef alltaf sagt sögur, bæði í sambandi við Skálmaldarplöturnar, skrifað leikrit og hitt og þetta. Ætli ég hafi ekki alltaf haft þetta svo á bak við eyrað, en ferlið óx mér í augum. Það þarf rosalega mörg orð í eina bók,“ segir Snæbjörn, sem oftar en ekki gengur undir nafninu Bibbi. „Svo fór ég á túr með Skálmöld og bloggaði á meðan. Einhvern veginn hrönnuðust orðin upp og daglega voru komin um þúsund orð,“ útskýrir Bibbi og segir að þá hafi runnið upp fyrir honum að líklega gæti hann alveg splæst í eina skáldsögu eða svo.

Segir sagan Gerill frá Arngrími Sævari Eggertssyni, sem langar til að meika það í tónlistinni. Það ætlar kauði sér að gera með tveimur mögnurum og óbilandi sjálfstrausti. Aðspurður hvort þetta sé sjálfsævisaga með skáldlegu ívafi segir Bibbi svo ekki vera, þótt sannarlega megi sjá þar einhver líkindi. „Stundum stendur maður sig að verki, þegar maður er að spila sig stóran og töff. Ég hef gert það að gamni mínu að halda utan um aðstæður þar sem ég hef hagað mér kjánalega og verið beinlínis hallærislegur í aðstæðum þar sem ég taldi mig frekar töff. Ég nota þannig aðstæður, en fæ líka lánuð karaktereinkenni héðan og þaðan. Það verður alveg hægt að setja í samhengi, “ bendir hann á. „Félagarnir eru dálítið að pissa á sig, og spyrja svolítið „þú segir nú ekki allt úr rútunni“, en það er bara allt í lagi að láta þá svitna svolítið,“ skýtur hann svo að og skellir upp úr.




## Ætlar sér ekki hefðbundnar leiðir

„Að gefa út bók, fara svo og lesa upp úr henni í Eymundsson og bíða svo eftir að um hana verði kannski fjallað í Kiljunni heillaði mig ekki, en ég vinn hjá Pipar auglýsingastofunni og hef fengið bókaútgáfur inn á borð til mín. Ég sá þannig fyrir mér að gera eitthvað stærra og meira, viðraði þá hugmynd við bókaútgáfuna, reif smá kjaft og var með það sama kominn með samning. Þá var komið að því að standa við stóru orðin og gera eitthvað annað,“ segir Bibbi. Úr varð að nú kemur Bibbi til með að flétta saman upplestur og rokkmennskuna. „Ég ætla sem sagt alveg að mæta í Eymundsson, en ég ætla að spila lögin sem Arngrímur semur í bókinni.“ Má því búast við aðeins öðrum vinkli á Bibba, þar sem hann segist sannarlega finna fyrir ákveðnu frelsi þegar hann semur tónlist undir nafni Arngríms.

„Þannig getur maður verið passlega asnalegur, og gert eitthvað allt öðruvísi.“ **gudrun@frettabladid.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir *svansi@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Bryndís Hauksdóttir *bryndis@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Jónatan Atli Sveinsson *jonatan@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • STÓLAR • SÆNGURFÖT, O.FL.

# RÝMUM TIL FYRIR NÝJA TÍMA

VEGNA BREYTINGA Á VERSLUN OKKAR Í FAXAFENI BJÓÐUM VIÐ SÝNINGAREINTÖK OG ELDRI GERÐIR AF ÝMSUM VÖRUM MEÐ 20–50% AFSLÆTTI.

**...... NÚ ER TÆKIFÆRIÐ ......**



Betra BAK



**Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477 • Opið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16**

DOMINO'S-DEIL

# SJÁUMST Á




kki.is

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| KONUR | VALUR–KEFLAVÍK 14. okt. kl. 19:15 | HAMAR–SNÆFELL 14. okt. kl. 19:15 | STJARNAN–HAUKAR 14. okt. kl. 19:15 | SNÆFELL–STJARNAN 17. okt. kl. 15:00 | GRINDAVÍK–VALUR 17. okt. kl. 16:30 | KEFLAVÍK–HAMAR 18. okt. kl. 19:15 |
| KARLAR | ÍR–TINDASTÓLL 15. okt. kl. 19:15 | HAUKAR–SNÆFELL 15. okt. kl. 19:15 | FSu–GRINDAVÍK 15. okt. kl. 19:15 | STJARNAN–KR 16. okt. kl. 19:15 | ÞÓR, Þ.–KEFLAVÍK 16. okt. kl. 19:15 | NJARÐVÍK–HÖTTUR 16. okt. kl. 19:15 |



DIN 2015-2016
VELLINUM
KEFLAVÍK
Valur Orri Valsson
HAUKAR
Kristinn Marinósson
VALUR
Bergþóra Holton
Tómasdóttir
SNÆFELL
Gunnhildur Gunnarsdóttir
GRINDAVÍK
Íris Sverrisdóttir
ÍR
Sveinbjörn Claessen
NJARÐVÍK
Logi Gunnarsson
HÖTTUR
Eysteinn Bjarni
Ævarsson
SNÆFELL
Stefán Karel Torfason
STJARNAN
Bryndís Hanna Hreinsdóttir
PIPAR\TBWA • SÍA
Þá er loksins komið að því að besta körfuboltafólk landsins takist á, því á morgun hefst fyrsta umferð í Domino's-deildinni.
Við hjá Domino's hlökkum mikið til að taka þátt í fjörinu og erum afar stolt af því að vera aðalstyrktaraðilar deildarinnar. Sjáumst á vellinum í Domino's-deildinni.
DOMINO'S DEILDIN

FRÉTTABLAÐIÐ
Við segjum fréttir Smáauglýsingasíminn og skiptiborð 512 5000 Vísir
Ritstjórn 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild auglysingar@frettabladid.is Prentun Ísafoldarprentsmiðja
9 771670 387005
Póst dreifing
Dreifing dreifing@postdreifing.is
Ef blaðið berst ekki 800 1177

Bakþankar

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar



# Ráðunautur rétthugsunar

Innra með mér býr rétthugsunarráðunautur sem ég hef hingað til verið nokkuð ánægður með. Hann hefur hneykslast með mér í hvert sinn sem við höfum orðið vitni að rasisma, óréttlæti og bestíuskap. Svo römm er réttlætiskennd þessa eftirlitsmanns að hann bregður upp fyrir mér mynd af þeim sem gera sig seka um ómennsku undir fallöxi.

Upphaflega átti þetta að vera eina hlutverk hans en svo annt var honum um að ég sjálfur lenti ekki undir fallöxi þessari að hann fór að grípa inn í á valdsviðum sem heyrðu ekki undir hann. Hann fór að láta til sín taka í hvert sinn sem ég stóð frammi fyrir fólki sem nýtur verndar pólitískrar rétthugsunar. Þetta varð afskaplega hvimleitt eftir að ég flutti í fjölmenningarborg.

„Ekki segja sígauni!“ hrópaði hann í eyru mér þegar ég gaf mig á tal við Róma-fólk. Ef ég síðan kem nálægt konu með slæðu linnir hann ekki látum. „Ekki nefna Allah, ekki horfa á brjóstin á henni, ekki nefna al-Kaída eða hryðjuverk.“ Ef ég tala við Senegala sem selja geisladiska stígur hann strax á bremsu og segir mér að hætta áður en ég nefni heimsvaldastefnu Breta og Frakka, eða láti út úr mér orð eins og negró. Hann er fyrir löngu búinn að banna mér að gefa krökkum nammi. Hann lætur mig helst í friði þegar ég tileinka mér tómlæti og held mig á kunnuglegum miðum. Þá hvílir hann svefni hinna réttlátu.

Rasistinn talar ekki við sér framandi fólk af augljósum ástæðum. En hvað veldur að við tölum ekki við það? Það skyldi þó ekki vera að rétthugsunarráðunauturinn ylli því? Hann sem ráðinn var til að skora rasistann á hólm! Kannski hefur hann gengið til liðs við rasismann og afgirðir nú framandi fólk með tómlæti okkar?





